ÓLÖF GUÐRÚN HELGADÓTTIR
*Fékk fagra hillu í arf eftir fóstru föður síns*
• heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HÍBÝLI OG VIÐHALD
*Ýmsar lausnir í boði í öryggisbúnaði*
Sérblað um híbýli og viðhald
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. nóvember 2009 — 265. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Aðstoðar fatlaða



Ásdís Jenna Ástráðsdóttir berst fyrir því að notendastýrð og persónuleg þjónusta fyrir fatlaða verði gerð almenn.

TÍMAMÓT 16

### Sýnd í Íran



Stuttmynd Daggar Mósesdóttur verður sýnd á kvikmyndahátíð í Íran.

FÓLK 30

### Sama nafn

Tvær Hjartsláttar-bækur koma út fyrir þessi jól.

FÓLK 30

### Fimm stiga forysta



Chelsea vann 1-0 sigur á Manchester United í gær og styrkti stöðu sína á toppnum.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA RIGNING** Í dag verða víða sunnan 5-13 m/s, en 10-18 austanlands í fyrstu. Víða rigning, einkum suðaustantil, en úrkomuminna norðanlands. Hiti víðast 3-9 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Lögreglan óttast um öryggi vegfarenda eftir niðurskurð

**Vegagerðin neitaði lögreglunni í Borgarnesi um hálkuvarnir í erfiðum aðstæðum. Vegagerðin segir þjónustu óbreytta en veðurlag hafi verið sérstakt undanfarið. Skera þarf niður um 200 milljónir á næsta ári.**

**SAMGÖNGUMÁL** „Hingað til hefur það dugað að hringja í Vegagerðina þegar svona skilyrði koma upp. Þá hefur bíll verið sendur um hæl,“ segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi.

„Þess vegna hrukkum við til þegar okkur var sagt að þetta hefði breyst,“ segir Theódór, sem óttast að niðurskurður hjá Vegagerðinni komi niður á umferðaröryggi. Vegagerðin hefur sent niðurskurðartillögur til samgönguráðherra sem allar vinna að því að umferðaröryggi sé ekki ógnað, segir forstöðumaður.

Mikil ísing hefur myndast á vegum í Borgarfirði í tvígang á stuttum tíma við sérstakar aðstæður. Þá er lofthiti þrjár til fjórar gráður en mikil hálka myndast engu að síður. Bílar sem voru vel búnir til vetraraksturs runnu þá út af veginum þrátt fyrir að varlega væri farið. Engan sakaði.

Lögreglan í Borgarnesi hringdi í Vegagerðina en var neitað þegar beðið var um bíl til að salta vegina. Theodór kveðst vona að eitthvað tilfallandi hafi orsakað að ekki var hægt að senda bílinn. Hann segir að ósk lögreglu um að skilti yrðu notuð til að vara við hálku hafi jafnframt verið hafnað.

Magnús V. Jóhannsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi, segir að þjónustustig á svæðinu hafi ekki breyst þó að fjárhagsstaðan sé erfið.

„Veðuraðstæður hafa verið sérstakar og það er stundum erfitt að bregðast við því,“ segir Magnús. Hann segir að samkvæmt verklagsreglum séu ákveðnir staðir hálkuvarðir en aðrir ekki. Þjónustustigið hafi þó aukist jafnt og þétt á síðustu árum. „En því er ekki að neita að peningar eru af mjög skornum skammti og þjónustan verður ekki aukin á næstunni nema eitthvað sérstakt komi til.“

Björn Ólafsson, forstöðumaður þjónustusviðs Vegagerðarinnar, segir að niðurskurðartillögur séu nú á borði samgönguráðherra. „Tillögurnar gera ekki ráð fyrir minni þjónustu og við munum verja umferðaröryggið. Það er forgangsatriði í okkar tillögum.“

Vegagerðin hefur úr um tveimur milljörðum að spila í dag en gerð er krafa um allt að tíu prósenta niðurskurð. „Það er kannski hægt að hjálpa okkur yfir þennan þröskuld því þetta er viðkvæmt mál.“ Björn segir sparnaðaraðgerðirnar verða kynntar um leið og ráðherra hafi tekið þær til yfirvegunar. **- shá**



**GÓÐ STUND** Sigurður Hallvarðsson gladdist innilega þegar vinir hans úr fótboltanum og aðrir velunnarar sýndu hug sinn í verki og fjölmenntu á ágóðaleik sem haldinn var fyrir Sigurð og fjölskyldu í Laugardalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Átta hundruð manns á ágóðaleik fyrir Sigurð Hallvarðsson og fjölskyldu:

## Djúpt snortinn af vinarbragði

**FÓLK** „Þetta var alveg ofboðslega góður dagur, ég get ekki neitað því,“ segir Sigurður Hallvarðsson, fyrrverandi knattspyrnumaður í Þrótti, eftir að um átta hundruð manns mættu á styrktarleik sem haldinn var í gær fyrir Sigurð og fjölskyldu hans.

Sigurður er í endurhæfingu eftir að hafa gengist undir þriðja uppskurðinn við krabbameini í heila. Samtals eiga Sigurður og eiginkona hans átta börn en níunda barnið er látið.

„Ég átti rosalega bágt þegar við stóðum fyrir framan stúkuna eftir leikinn. Það voru allir að klappa fyrir okkur og einhverjir að hrópa nafnið mitt og ég bara felldi tár. Í þessu félagi á maður ógrynni af vinum. Þetta snart mig gríðarlega,“ segir Sigurður, sem heldur nú þjálfun sinni áfram.

„Ég þarf að koma mér úr hjólastólnum því Willum [Þórsson þjálfari Keflavíkur] vinur minn bað mig að koma með sér til Keflavíkur næsta sumar. Maður fer ekki þangað í hjólastól,“ segir Sigurður Hallvarðsson. **- gar**

Deilur um auglýsingablað:

## Bókaútgáfur í bæklingastríði

**BÓKAÚTGÁFA** Titringur er meðal smærri bókaútgefenda vegna auglýsingabæklings sem Forlagið hefur sent frá sér og ber heitið Bókatíðindi Forlagsins. „Félags íslenskra bókaútgefenda gefur úr Bókatíðindi á hverju ári og það hefur verið sátt um að allir bókaútgefendur landsins kynni sínar bækur þar og geti svo auglýst eins og þeim sýnist,“ segir Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu, sem telur hættu á að fólk ruglist á bókatíðindum Forlagsins og hinum eiginlegu Bókatíðindum sem væntanleg eru innan skamms.

Framkvæmdastjóri Forlagsins, Jóhann Páll Valdimarsson, segir í umræðum á netinu að Forlagið hafi gefið út slíkan bækling allan sinn starfstíma. „Þú ert of ungur Tommi,“ segir Jóhann á Facebook-síðu Tómasar. **- gar**










**SPURNING DAGSINS**



*Þórir, getur þú reddað Elton John í afmælið?*

„Nei, en ég skal koma sjálfur með fín gleraugu og syngja fyrir þig afmælissönginn fyrir eina kúlu.“

Lagahöfundurinn og tónskáldið Þórir Baldursson hefur unnið með fjölda frægra tónlistarmanna á ferlinum. Hann vann með Elton John að plötunni Victim of Love sem kom út árið 1979.

Viðkvæm og umdeild kosningalög samþykkt í Írak:

# Kosningar haldnar í janúar

**ÍRAK, AP** Íraska þingið samþykkti í gær nýja kosningalöggjöf, sem ætti að geta tryggt að fyrirhugaðar þingkosningar þar verði haldnar í janúar.

Óttast var að kosningunum þyrfti að fresta ef þingið kæmi sér ekki saman um kosningalög, sem hafa verið umdeild á þinginu mánuðum saman.

Mikil spenna ríkti á þinginu í gær meðan afgreiðsla laganna stóð yfir. Bein sjónvarpsútsending var frá þingfundinum og sjá mátti Christopher Hill, sendiherra Bandaríkjanna, á þönum milli þingflokka til að miðla málum og þrýsta á að lögin yrðu samþykkt.

Flóknasta deilumálið snerist um hvernig skiptingu þingsæta frá Kirkuk, olíuríkri borg í norðanverðu landinu, skyldi háttað. Þar búa bæði kúrdar og arabar, en kúrdar telja borgina tilheyra sér og vilja að hún sé hluti af sjálfstjórnarsvæði kúrda í norðanverðu landinu. Arabarnir vilja hins vegar engan veginn missa yfirráð sín yfir borginni, sem þeim voru fengin meðan Saddam Hussein var við völd. Saddam lét flytja tugi þúsunda kúrda nauðuga burt frá borginni til þess að arabar yrðu meirihluti íbúanna.

Kosningar í landinu eru fyrirhugaðar seinni partinn í janúar. **- gb**



**ÍRASKIR ÞINGMENN** Firyad Rawanduzi og Khaled Shwani ræða við fjölmiðla. NORDICPHOTOS/AFP

Stöð 2 setur út vændisbeitu:

# 100 vildu kaupa vændisþjónustu

**SAMFÉLAGSMÁL** Hundrað manns svöruðu auglýsingu sem fréttastofa Stöðvar tvö setti á einkamál. is á tæpum sólarhring og vildu kaupa vændi af nítján ára gamalli stúlku.

Tálbeitan sagðist bjóða upp á erótískt heilnudd gegn gjaldi. Hægt væri þó að semja um verð og ýmislegt fleira. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, fyrirspurnir og tilboð um kaup á þjónustu hennar með svokölluðum „happy ending“ flæddu inn.

Fréttastofa mælti sér mót við fimm menn í gær. Tveir karlmenn mættu á staðinn, einn á fimmtugsaldri og einn á áttræðisaldri.



**ÖRYGGI** Aðbúnaður eldri borgara mætti vera betri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðstæður eldri borgara:

# Nokkuð vantar upp á öryggið

**FÓLK** Margt er ábótavant í aðbúnaði eldri borgara samkvæmt rannsókn sem Garðabær og Slysavarnafélagið Landsbjörg stóðu fyrir.

Að sögn Dagbjartar H. Kristinsdóttur verkefnastjóra virðist vanta upp á mikilvæga öryggisþætti. „Til dæmis voru aðeins 34 prósent þeirra sem tóku þátt í verkefninu með eldvarnateppi. Á sama tíma höfðu 33 prósent gleymt potti á heitri hellu síðastliðin tvö til þrjú ár.“

Dagbjört segir áríðandi að bæta úr þessu þar sem afleiðingar heimaslysa séu mun alvarlegri fyrir eldri borgara en aðra aldurshópa. **- uhj / sjá sérblaðið Híbýli og viðhald**

1.100 manns boða komu:

# Mikil aðsókn að þjóðfundi

**SAMFÉLAGSMÁL Ríflega 1.100 manns hafa staðfest komu sína á þjóðfund í Laugardalshöll 14. nóvember. Yngstur þeirra sem höfðu boðað sig er átján ára og sá elsti 88 ára.**

**Til fundarins er stefnt marktæku úrtaki íslensku þjóðarinnar, allt að 1.500 manns. Send voru út boðsbréf með slembiúrtaki. Lokað verður fyrir skráningar á þriðjudagskvöld.**

**Fjöldi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka leggur þjóðfundinum lið. Ríkisstjórn Íslands bættist í þann hóp á föstudag með sjö milljóna króna framlagi.** **- hhs**



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON OG VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Á einum veiðidaga borgarinnar í júlí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**DAGUR B. EGGERTSSON** Veiddi í boði borgarinnar í júlí í fyrra.

# Borgarstjórn hættir ekki veiði í Elliðaám

**Reykjavíkurborg mun áfram ráðstafa fimm veiðidögum í Elliðaám til borgarfulltrúa og embættismanna. Meirihlutinn vísaði frá tillögu VG um að leigja frekar veiðina út til Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Málið þæft segir fulltrúi VG.**

**STJÓRNMÁL** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn vísaði frá tillögu fulltrúa Vinstri grænna um að fimm veiðidagar Reykjavíkurborgar í Elliðaánum yrðu leigðir Stangaveiðifélagi Reykjavíkur eins og aðrir veiðidagar í ánum.

Að því er fram kemur í bókun Þorleifs Gunnlaugssonar, borgarfulltrúa VG, áskilur Reykjavíkurborg, sem eigandi Elliðaánna, sér rétt til að ráðstafa veiði í ánum í fimm daga á hverju sumri. Það jafngildi sextíu veiðileyfum í ánum á besta tíma. Orkuveita Reykjavíkur hefur umsjón með Elliðaánum, sem eru leigðar út til Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Stjórn Orkuveitunnar fyrir sitt leyti vísaði á Reykjavíkurborg þegar þar var lagt til að leggja af umrædda veiðidaga.

Meirihlutinn í borgarstjórn vísaði í samkomulag Orkuveitunnar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur. „Borgarfulltrúum er í sjálfsvald sett hvort þeir þiggja umrætt boð um veiði í Elliðaánum. Með hliðsjón af því og þeirri umsögn sem borist hefur frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur er tillögunni vísað frá,“ sagði í frávísunartillögu meirihlutans sem samþykkt var með átta atkvæðum gegn sex.

Fulltrúi VG sagði frávísun meirihlutans óskiljanlega þar sem meirihluti stjórnar Orkuveitunnar hefði vísað til samnings Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar frá 2001 þar sem borgin áskildi sér rétt til að ráðstafa fimm veiðidögum í Elliðaánum.

„Þarna vísar hver á annan í þeim augljósa tilgangi að þæfa málið og firra sig ábyrgð,“ segir í bókun Þorleifs, sem kveður veiðar borgarfulltrúa og embættismanna í Elliðaánum vera barn síns tíma og sjálfsagt eiga rætur að rekja til þess tíma þegar borgarfulltrúar fengu mun lægri laun en í dag.

„Nú er öldin önnur og enginn borgarfulltrúi er með laun undir 500 þúsund krónur á mánuði og ættu þeir því að geta borgað fyrir sín veiðileyfi sjálfir. Í svari Stangaveiðifélagsins segir að undanfarin ár hafi mun færri fengið en viljað veiðileyfi í ánum vegna mikillar eftirspurnar,“ bókar Þorleifur og bendir á að sala veiðileyfanna myndi færa borginni peninga á tímum mikilla fjárhagsþrenginga og niðurskurðar.

Miðað við verð Stangaveiðifélagsins á veiðileyfum til félagsmanna á besta tíma í fyrra kostuðu fimm dagar alls um 800 þúsund krónur.

**gar@frettabladid.is**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Sækir um starf mansalsfulltrúa

**STJÓRNSÝSLA Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi utanríkisráðherra, er meðal þeirra sem sækja um starf mansalsfulltrúa ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Utanríkisráðuneytið styður umsókn Ingibjargar og beitir sér fyrir hennar hönd. Frá þessu var greint í fréttum RÚV.**

**Embætti mansalsfulltrúa er meðal þeirra æðstu hjá ÖSE en hlutverk hans er að vekja athygli á málefninu á alþjóðavísu.** **- jma**



**LEÐJUNA BURT** Íbúi í höfuðborginni hreinsar til eftir flóðin. NORDICPHOTOS/AFP

Mannskæð flóð í El Salvador:

# Nærri hundrað manns látnir

**EL SALVADOR, AP** Nærri hundrað manns létu lífið og tuga var saknað í viðbót eftir flóð og aurskriður í El Salvador. Þriggja daga úrhelli hefur verið í landinu.

Humberto Centeno innanríkisráðherra segir sjö þúsund manns hafa leitað athvarfs í neyðarskýlum. Fjölmargir bæir hafa einangrast og fulltrúar stjórnvalda hafa ekki getað komist þangað.

Verst er ástandið í höfuðborginni San Salvador og héraðinu San Vincente. **- gb**


75 milljónir
á einn miða í desember

Þeir sem eiga miða í Happdrætti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælisvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 10. nóvember!**

75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611


Suðurnesjamenn og -konur skora á stjórnvöld að ganga í takt við þau:

# 300 manns í Keflavíkurgöngu

**ATVINNUMÁL** Um þrjú hundruð Suðurnesjamenn og -konur tóku þátt í Keflavíkurgöngu í gærdag. Gengið var um tíu kílómetra leið frá Vogum að Kúagerði, til að leggja áherslu á þær kröfur að stjórnvöld gangi í takt við Suðurnesjamenn við að skapa atvinnu á Suðurnesjum um 1.600 manns sem eru án atvinnu.

„Þetta gert til að minna á þau atvinnutækifæri sem eru handan við hornið hjá okkur á Suðurnesjum. Það er fjöldi verkefna sem komin eru vel áleiðis að lenda í ófyrirséðum töfum,“ segir Páll Rúnar Pálsson, einn skipuleggjenda göngunnar.

Skipuleggjendur göngunnar voru að sögn Páls ánægðir með gönguna. „Þarna voru allt frá börnum upp í gamalmenni og allir tóku þátt af heilum hug.“ **- hhs**



**HUGUR Í FÓLKI** Fundarmenn afhentu fulltrúum stjórnvalda áskorun frá öllum stjórnmálaflokkum á Suðurnesjum. Við áskoruninni tóku Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og þingmennirnir Bjarni Benediktsson, Margrét Tryggvadóttir, Birkir Jón Jónsson og Ögmundur Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


„Bobbinn er með alveg gullfallega söngrödd, syngur eins og engill. Gaf út diskinn Hvolpaást á sínum tíma."
VEGAAÐSTOÐ SJÓVÁ
Þjónusta fyrir viðskiptavini í Stofni þeim að kostnaðarlausu
Bensínlaus?
Straumlaus?
Sprungið dekk?
Tjónaskýrsla?
440 2222
Vegaaðstoð Sjóvá er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum, í Reykjanesbæ, Borgarnesi og Hveragerði. Nánar á sjova.is.
SJÓVÁ
STOFN

## GENGIÐ 06.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,67 | 125,27 |
| Sterlingspund | 206,84 | 207,84 |
| Evra | 185,59 | 186,63 |
| Dönsk króna | 24,935 | 25,081 |
| Norsk króna | 22,033 | 22,163 |
| Sænsk króna | 17,876 | 17,98 |
| Japanskt jen | 1,3759 | 1,3839 |
| SDR | 198,81 | 199,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
238,878

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Austur-þýski landamæravörðurinn sem fyrstur opnaði Berlínarmúrinn að kvöldi 9. nóvember 1989:

# Múrinn kom í veg fyrir blóðsúthellingar

**ÞÝSKALAND, AP** „Þetta var hræðilegt því ég áttaði mig á því að flokkurinn og ríkisstjórnin höfðu brugðist mér og að félagar mínir stæðu ekki með mér,“ segir Harald Jäger, austur-þýski landamæravörðurinn sem fyrstur opnaði hlið á Berlínarmúrnum að kvöldi 9. nóvember 1989.

Hann segist vera ánægður núorðið með frumkvæðið sem hann tók þetta kvöld, en á sínum tíma var hann afar ósáttur við rás atburðanna. „Hugmyndaheimur minn féll algerlega saman.“

Mannfjöldinn beið í ofvæni eftir að komast yfir. Günter Schabovski, upplýsingafulltrúi austur-þýsku stjórnarinnar, hafði fyrir mistök lýst því yfir að fólki væri frjálst að fara ferða sinna. Í reynd átti það ferðafrelsi ekki að taka gildi fyrr en daginn eftir.

Jäger var nýbúinn á vaktinni sinni við landamærahliðið á Bornholmer Strasse í Berlín og ætlaði að fá sér samloku.

„Ég hafði varla fengið mér fyrsta bitann þegar ég heyrði þessi eftirminnilegu orð Schabovskis.“ Hann hafði engin fyrirmæli frá yfirboðurum sínum, en sá að engin leið yrði að hemja mannfjöldann nema opna hliðið upp á gátt.

„Ég er engin hetja,“ segir hann. „Ég gerði aðeins það sem rétt var þetta kvöld.“

Eftir á að hyggja segist hann telja ákvörðun sína líklega hafa komið í veg fyrir að blóðsúthellingar yrðu. „Það er það eina sem ég get verið stoltur af. Að engu blóði var úthellt þetta kvöld, aðeins gleðitárum og köldum svita.“ - gb



**TUTTUGU ÁR LIÐIN** Berlínarbúar minntust þess um helgina að tuttugu ár eru í dag liðin frá því Berlínarmúrinn var opnaður. NORDICPHOTOS/AFP



**WEN JIABAO** Á leiðtogafundi í Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar Kína:

## Bjóða Afríku ódýrt lánsfé

**EGYPTALAND, AP** Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, segir að Afríkuríki fái á næstu þremur árum jafnvirði tíu milljarða Bandaríkjadala að láni á lágum vöxtum.

Hann sagði þetta gert til að koma til móts við gríðarlega fjárþörf Afríkuríkja, en vísaði á bug gagnrýni þess efnis að Kínverjar væru með þessu ekki síður að hugsa um eigin hag en fátæku ríkin í Afríku.

Wen sagði þetta á leiðtogafundi í Egyptalandi, þar sem umdeildir leiðtogar á borð við Robert Mugabe frá Simbabve og Omar al-Bashir frá Súdan voru viðstaddir. - gb

### ANDORRA

**Brú hrundi í byggingu**

Fimm manns létu lífið þegar brú hrundi í smáríkinu Andorra. Brúin var enn í byggingu þegar hún hrundi. Fjórir hinna látnu grófust undir en einn andaðist á sjúkrahúsi.

### ÁRÉTTING

Vegna frásagnar blaðsins um Laufásborgarlundinn, sem birtist á laugardag, skal áréttað að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri er verndari Laufásborgarlundarins ásamt írska tónlistarmanninum Damien Rice. Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, tók einnig þátt í að planta trjánum.

# Snilldarlausnin hangir á herðatré

**Hitað var upp fyrir Athafnavikuna í gær þegar hugmyndasamkeppnin Snilldarlausnir – Marel hófst. Þátttakendur eiga að gera sem mest úr herðatré. Þegar fara rúmlega fimmtíu viðburðir fram víða um land. Vikan er haldin í 103 löndum.**

**ATHAFNAVIKA** „Við vildum ekki hefta sköpunargáfuna. Fólk má gera hvað sem er sem eykur virði hlutar sem alla jafna er einskis virði,“ segir Þórhildur Birgisdóttir, framkvæmdastjóri alþjóðlegu Athafnavikunnar. Vikan hefst 16. nóvember næstkomandi og lýkur 22. nóvember.

Hitað var upp fyrir Athafnavikuna í hádeginu í gær þegar hlutur var afhjúpaður á netsíðunni www.athafnavika.is sem gegnir lykilhlutverki í hugmyndasamkeppninni Snilldarlausnir – Marel. Þátttakendur mega gera hvað sem þeir vilja við herðatréð að því gefnu að virði þess aukist. Taka má þátt í keppninni hvenær sem er. Það eina sem þarf er að finna herðatré, taka myndband af virðisaukningu þess og senda inn á netsíðu keppninnar í síðasta lagi á hádegi 15. nóvember.

Þórhildur segir ýmsa hluti hafa verið nýtta með árangursríkum árangri. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að efri hluti af plastflösku hefði verið settur undir borðfót í sambærilegri hugmyndasamkeppni við Stanford-háskóla og var tappi flöskunnar nýttur til að stilla borðið af.

„Í raun má gera hvað sem er. Ég vonast til að sem flestar og fjölbreyttastar hugmyndir muni skila sér,“ segir Þórhildur.

Myndbönd frá hugmyndasamkeppninni verða sýnd á meðan á Athafnavikunni stendur og mun Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra veita verðlaun fyrir bestu hugmyndina á lokahátíðinni 22. nóvember.



**HUGMYNDASAMKEPPNIN SETT** Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, og Þórhildur Birgisdóttir voru á meðal þeirra sem stigu í pontu þegar hulunni var svipt af herðatré í hugmyndasamkeppni í tengslum við Athafnavikuna í gær.



### ÝMISLEGT UM ATHAFNAVIKUNA

- Athafnavikan stendur yfir frá 16. til 22. nóvember.
- Vikan er haldin í 103 löndum.
- Markmið athafnavikunnar er að vekja fólk til umhugsunar um gildi nýsköpunar og athafnasemi.
- Hægt er að skrá nýja viðburði á netsíðunni athafnavika.is fram til 11. nóvember.
- Á meðal viðburða er nýsköpunarmessa á vegum Háskóla Íslands.
- Íbúar í Höfn á Hornafirði ætla að prjóna kærleikstré.
- Háskólinn í Reykjavík ætla að bjóða gestum að fylgjast með smíði rafbíls.

Þórhildur segir erfitt að meta hve margir muni taka þátt í Athafnavikunni. Þegar séu rúmlega fimmtíu viðburðir skráðir, allt frá litlum samkomum til sameiginlegs fagnaðar hannyrðafólks um allt land sem muni taka höndum saman í tilefni af útgáfu prjónabókar. „Við stefnum í það minnsta á að hafa mestu þátttökuna, miðað við höfðatölu,“ segir Þórhildur.

jonab@frettabladid.is

Sonur eiturlyfjabaróns:

## Vill síðbúna fyrirgefningu

**KÓLUMBÍA, AP** Sebastian Marroquin, sonur kólumbíska eiturlyfjabarónsins Pablo Escobar, biður fórnarlömb föður síns um að veita honum síðbúna fyrirgefningu.



**SEBASTIAN MARROQUIN**

Escobar var skotinn til bana árið 1993. Það var lögreglan í Kólumbíu sem það gerði. Sonurinn flýði land skömmu síðar, breytti nafni sínu úr Juan Pablo Escobar í Sebastian Marroquin, og hefur látið lítið fyrir sér fara.

Hann kemur nú fram í heimildarmynd sem nefnist „Syndir föður míns“ og biður þar einkanlega syni tveggja stjórnmálamanna, sem Escobar myrti, að fyrirgefa honum. - gb

Formaður Hreyfingarinnar:

## Hefur ráðið sér aðstoðarmann

**STJÓRNMÁL Margrét Tryggvadóttir, alþingismaður og formaður Hreyfingarinnar, hefur ráðið Þórð Björn Sigurðsson aðstoðarmann. Þórður, sem starfar í ferðaþjónustu, hefur af þessu tilefni sagt af sér sem formaður Hagsmunasamtaka heimilanna enda eru samtökin óháð stjórnmálaflokkum.**



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

**Friðrik Ó. Friðriksson hefur þegar tekið við formennsku af Þórði í Hagsmunasamtökum heimilanna eftir kjör í stjórn samtakanna á fimmtudag.** - gar




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**FÍNT Á MORGUN**
Það verður nokkuð hvasst austanlands í fyrstu í dag, en það dregur víðast úr vindi og vætu eftir því sem líður á daginn. Á morgun verður hið fínasta veður, yfirleitt hægur vindur og úrkomulítið og bjart eystra, en það kólnar lítillega, einkum norðanlands.



**Á MORGUN**
Vestan 3-8 m/s.

**MIÐVIKUDAGUR**
Vaxandi suðaustanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 10° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 20° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 6° |
| París | 9° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú fengið svínaflensu?*

| | |
|---|---|
| Já | 10,3 |
| Nei | 89,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Munu Nylon-stúlkur slá í gegn í Hollywood?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi efndu til prófkjörs um helgina:

# Ásgerður vann afgerandi sigur

**SELTJARNARNES** Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, vann afgerandi sigur í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fór á Seltjarnarnesi á laugardaginn. Hún hlaut 707 atkvæði en alls greiddu 1.090 manns atkvæði. Guðmundur Magnússon, sem sóttist eftir oddvitasætinu, hafnaði í öðru sæti.

Prófkjör sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi var það fyrsta sem fram fór vegna sveitarstjórnarkosninganna í maí á næsta ári.

Gunnar Lúðvíksson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um endanlegan lista. „Miðað við úrslitin eru nokkur sæti bindandi og önnur ekki. Á þessu stigi er enginn sérstakur hugur í okkur að gera breytingar á listanum, en sá möguleiki er til staðar.“



**NÝI OG GAMLI BÆJARSTJÓRINN** Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, vann afgerandi sigur í prófkjöri sjálfstæðismanna í bænum.

Frumvarp um persónukjör til sveitarstjórnarkosninga er nú til meðferðar á Alþingi. Á Seltjarnarnesi eru venjulega fjórtán nöfn á kjörseðli fyrir sveitarstjórnarkosningar, þar sem efstu sjö frambjóðendur eru kosnir í prófkjöri og neðstu sjö valdir af fulltrúaráði flokksins. Ef frumvarp um persónukjör verður samþykkt segir Gunnar líklegast að kjósendur geti kosið um efstu sjö sætin, meðal þeirra sem völdust á lista í prófkjöri laugardagsins. Endanleg útfærsla á persónukjörinu sé þó ekki ljós. - hhs

Minningardagur í Bretlandi:

## Fallinna hermanna minnst

**BRETLAND, AP** Bretar minntust í gær fallinna hermanna í öllum styrjöldum sem landið hefur átt í, þar á meðal bæði fyrri og seinni heimsstyrjöldunum ásamt núverandi stríðsrekstri í Afganistan og Írak.

Alls hafa 232 Bretar týnt lífinu í Afganistan síðan stríðið þar hófst árið 2001.

Minningardagur fallinna hermanna hefur verið haldinn árlega í Bretlandi síðan 1918. Bretar lögðu meira upp úr þessum degi en venjulega vegna þess að á árinu létust þrír aldraðir menn, þeir síðustu eftirlifandi sem tóku þátt í fyrri heimsstyrjöldinni. - gb

Viðbúnaður í Venesúela:

## Chavez býr her sinn undir stríð

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, sagði her landsins að búa sig undir stríð við Kólumbíu. Hann sagði hættu á að Bandaríkin myndu reyna að etja Kólumbíu út í hernað gegn Venesúela.



HUGO CHAVEZ

„Besta leiðin til að komast hjá stríði er að búa sig undir það,“ sagði hann í vikulegu sjónvarpsávarpi sínu í gær.

Þetta voru viðbrögð hans við samningi sem Bandaríkin og Kólumbía gerðu um að bandarískir hermenn fengju aukinn aðgang að herstöðvum í Kólumbíu. - gb

### LETTLAND

**Sjö fórust í bruna**

Sjö manns létust og tveir hlutu meiðsli í eldsvoða í þriggja hæða íbúðarhúsi í Riga seint á laugardaginn. Átta manns björguðust úr byggingunni, þar af fjögur börn.

### ÍTALÍA

**Flóttamaður handtekinn**

Ítalski mafíósinn Luigi Esposito var handtekinn á laugardag í einu úthverfa borgarinnar Napolí. Hann hafði verið á flótta síðan 2003.

### SKOTLAND

**Neyðaraðstoð áfram**

Fjármálaráðherrar G20-ríkjanna boða áframhaldandi neyðaraðstoð fyrir efnahagslífið í ríkjum sínum þangað til sér fyrir endann á kreppunni. Þeim tókst hins vegar ekki, á fundi sínum í Skotlandi, að ná samkomulagi um skiptingu kostnaðar við baráttuna gegn loftslagsbreytingum.




**EINKAVEGUR Í ÞJÓÐGARÐI** Þingvallanefnd sættir sig ekki við að eigandi þriggja bústaða í Gjábakkalandi loki á almenning með keðjum og bannskiltum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þingvallanefnd vill opna veg um risalóð

**Ólafur H. Jónsson og Kristín dóttir hans stýra félögum sem eiga þrjú sumarhús á samliggjandi leigulóðum ríkisins í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Ein lóðin er gríðarstór og vegi að henni er lokað með keðju sem Þingvallanefnd vill burt.**

**ÞJÓÐGARÐAR** „Ég á von á því að þessum sumarbústaðaeiganda verði skrifað og hann beðinn að fjarlægja þetta skilti og þessa keðju því það samrýmist ekki lögum um þjóðgarðinn og hefta för um hann með þessum hætti,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, um lokaðan veg um sumarbústaðalönd í Gjábakkalandi.



ÓLAFUR H. JÓNSSON



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Félögin Gjábakki ehf. og Vatnsvík ehf. hafa frá því 2004 keypt þrjá sumarbústaði á samliggjandi leigulóðum í Gjábakka innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Stærsta húsið er bústaður sem Gísli Jónsson alþingismaður átti og gaf SÍBS fyrir rúmum fjörutíu árum. Þeim bústað fylgir fjórtán hektara leigulóð í eigu ríkisins. Lauslega áætlað er lóðin um þrjátíu sinnum stærri en meðal sumarhúsalóð.

Skráður eigandi Gjábakka ehf. og Vatnsvíkur ehf. er Ólafur H. Jónsson. Með Ólafi í stjórn þessari félaga er dóttir hans Kristín Ólafsdóttir. Hún er eiginkona Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Þingvallanefnd hefur ráðfært sig við lögfræðing í tilefni þess að vegi sem liggur að leigulóðum áðurnefndra bústaða hefur verið lokað með keðju og hann merktur sem einkavegur.






**HENGILÁS** Nær bústaðnum er annað hlið með hengilás. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta er alveg fáránlegt þegar menn eru að búa til fréttir um aðra um ekki neitt. Ég held að þú eigir að fara að snúa þér að því að fara að hugsa um það að skrifa eins og maður en ekki fara eftir skítlegu eðli þinna ritstjóra og annarra manna sem í kringum ykkur eru,“ segir Ólafur H. Jónsson meðal annars.

Álfheiður Ingadóttir segir að í lögum um þjóðgarðinn séu mjög skýr ákvæði um að almenningi eigi að vera heimil för um þjóðgarðinn. „Þetta er þjóðgarður og hann er eign okkar allra Íslendinga,“ segir formaður Þingvallanefndar og upplýsir að nefndin hafi samþykkt árið 2003 að lóðin við gamla SÍBS-bústaðinn verði minnkuð niður í einn hektara við næstu endurskoðun lóðaleigusamningsins sem vera eigi um mitt næsta ár. gar@frettabladid.is




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.
Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA
–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

KYNNING
í dag og miðvikudag
frá 14–18




Tilboðsverð í nóvember
1.790 kr. 250 ml.
3.190 kr. 500 ml.

Heilsuver

Opið:
mán - fös 8.30-18
laugardaga 10-14

Suðurlandsbraut 22 | www.heilsuver.is




Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Nylon-stúlkur ætla að flytja til útlanda. Hvert?*

2 *Merkra tímamóta er minnst í Þýskalandi í dag. Hverra?*

3 *Hvað heitir nýútkomin ævisaga séra Hjálmars Jónssonar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar gerir úttekt á þjónustu við innflytjendur:

# Vilja ekki samning við Alþjóðahús

**REYKJAVÍKURBORG** Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar vill ekki að borgarráð semji við Alþjóðahús á næsta ári um þjónustu við innflytjendur. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins. Borgarráð á eftir að taka afstöðu til tillögunnar.

Ráðið byggir mat sitt á úttekt á innflytjendaþjónustu. Meðal þess sem í henni kemur fram er að Alþjóðahús þykir ekki hafa sinnt sex til sextán ára innflytjendum. Þá hafi fyrirhuguð verkefni og námskeið á vegum Alþjóðahúss verið felld niður.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri og lögfræðingur Alþjóðahúss, heyrði fyrst af ályktun Mannréttindaráðs í fréttum helgarinnar. „Ég get ekki lagt mat á tillögur Mannréttindaráðs fyrr en ég hef séð þau gögn sem búa að baki. En hver sem niðurstaðan verður er mikilvægast að innflytjendum verði tryggð áfram sú þjónusta sem Alþjóðahúsið hefur sinnt; lögfræðiráðgjöf, almenn ráðgjöf og upplýsingagjöf."

Innan Alþjóðahúss eru starfandi þrjú aðskilin fyrirtæki; túlkaþjónusta, íslenskukennsla og Alþjóðahúsið ehf. Einungis Alþjóðahúsið ehf. er háð þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. - hhs



**ALÞJÓÐAHÚSIÐ** Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar vill ekki að borgarráð semji við Alþjóðahús á næsta ári um þjónustu við íbúa borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hjónaskilnuðum fjölgar:

# Skilnaðarhátíð haldin í París

**FRAKKLAND, AP** Skilnaðarhátíð var haldin í París í gær í fyrsta sinn, en reiknað er með að hún verði árviss viðburður.

Þetta er eins konar vörusýning, eða þjónustusýning, þar sem sextíu fyrirtæki og einstaklingar kynna þjónustu sína fyrir fólk sem stendur í skilnaði.

Nærri annað hvert hjónaband í Frakklandi endar með skilnaði. Á síðasta ári voru 130 þúsund skilnaðir skráðir í bækur hins opinbera, sem er töluvert meira en fyrir þremur áratugum þegar fimmtíu þúsund hjón skildu að skiptum í Frakklandi á ári hverju. - gb



**HROGNATAKA** Íslendingar nýta hrognin en henda þrjú þúsund tonnum af fiski.

Útflutningur til Asíu:

# Grásleppa boðin til kaups í Kína

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Útflutningsfyrirtækið Triton stendur fyrir söluátaki á grásleppu í Kína. Liður í því er þáttaka fyrirtækisins í stærstu sjávarútvegssýningu Asíu sem haldin er í Qingdao í Kína.**

**Í fyrrasumar flutti fyrirtækið út sjötíu tonn af frosinni grásleppu en aðeins hrogn fisksins eru nýtt hérlendis. Þrjú þúsund tonnum af grásleppu er hent á ári hverju hérlendis þrátt fyrir að um gott hráefni sé að ræða.**

**Að sjávarútvegssýningunni lokinni kynnir fyrirtækið afurðir á þremur völdum hótelum í Shanghai. Þar verður boðið upp á ýmsa rétti úr íslenskri grásleppu og fleiri íslenskum sjávarafurðum, til dæmis niðursoðinni þorsklifur.** - shá

# Fórnuðu fóstureyðingum til að ná fram nýju frumvarpi

**Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti á laugardag langþráðar umbætur í heilbrigðismálum. Obama Bandaríkjaforseti kveðst hlakka til að skrifa undir lögin. Öldungadeildin á þó eftir að afgreiða frumvarpið.**

**BANDARÍKIN, AP** Heilbrigðisfrumvarpið sem neðri deild Bandaríkjaþings samþykkti seint á laugardag er eitt flóknasta frumvarp sem nokkru sinni hefur komið til afgreiðslu þingsins.

Frumvarpið var samþykkt með 220 atkvæðum gegn 215. Einungis einn repúblikani studdi frumvarpið, en 39 demókratar voru á móti. Öldungadeildin á enn eftir að afgreiða frumvarpið, og þarf sextíu atkvæði af hundrað til þess að stöðva málþóf um frumvarpið.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagðist sannfærður um að öldungadeildin muni samþykkja frumvarpið þegar það komi til kasta hennar.

„Ég hlakka til að undirrita lögin fyrir árslok," sagði hann.

Verði frumvarpið að lögum fá 36 milljónir Bandaríkjamanna heilbrigðistryggingar í viðbót við þá, sem fyrir eru tryggðir. Þar með á að vera tryggt að 96 prósent Bandaríkjamanna njóti heilbrigðistrygginga. Aðrir eiga auk þess kost á aðstoð frá ríkinu til að kaupa sér tryggingar á lágu verði.



**SÆTUR SIGUR** Leiðtogar demókrata í fulltrúadeildinni héldu blaðamannafund eftir að frumvarpið var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að nærri fimmtíu milljónir Bandaríkjamanna séu nú án heilbrigðistrygginga.

Ákvæði frumvarpsins taka þó ekki öll gildi fyrr en árið 2013.

Demókratar náðu auk þess engan veginn fram öllum þeim breytingum, sem þeir höfðu vonast til.

Meðal annars þurftu þeir að fallast á breytingartillögu, sem bannar öll ríkisútgjöld vegna fóstureyðinga, að öðrum kosti hefði frumvarpið ekki náð meirihluta.

Frumvarp öldungadeildarinnar verður ekki samhljóða frumvarpi fulltrúadeildarinnar, þannig að eftir afgreiðslu öldungadeildar þarf nefnd skipuð fulltrúum beggja deilda að samræma frumvörpin og leggja samræmdu útgáfuna síðan fyrir báðar deildirnar til endanlegrar samþykktar.

Þar með yrði einu helsta baráttumáli demókrata undanfarna áratugi náð að mestu, þótt ekki hafi allt náðst fram sem að var stefnt. Breytingarnar á heilbrigðistryggingakerfi Bandaríkjanna nú yrðu þær mestu sem gerðar hafa verið síðan 1964.

Repúblikanar voru þó margir hverjir engan veginn kátir með niðurstöðuna: „Heilbrigðiskerfið verður yfirtekið af ríkinu hraðar en hönd á festir, mér býður við þessu," sagði Candice Miller og bætti því við að demókratar væru staðráðnir í að samþykkja frumvarp sem yki atvinnuleysi og fjárlagahalla og leiddi til hærri skatta.

gudsteinn@frettabladid.is




**Velferðarvaktin stendur fyrir morgunverðarfundi á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 11. nóvember 2009 kl. 8.30–10.00**

**Skuldavandi heimilanna**

- Opnun fundar
  Stella K. Víðisdóttir, fulltrúi í stýrihópi velferðarvaktar félags- og tryggingamálaráðuneytisins
- Aðgerðir stjórnvalda við skuldavanda heimilanna – kynning á úrræðum
  Kristrún Heimisdóttir, lögfræðilegur ráðgjafi í félags- og tryggingamálaráðuneytinu
- Greiðslujöfnun verðtryggðra og gengistryggðra lána
  Sigurður Kristjánsson, forstöðumaður lánadeildar hjá Nýja Kaupþingi banka
- Samræmdar verklagsreglur Íbúðalánasjóðs, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um sértæka skuldaaðlögun
  Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Íbúðalánasjóðs
- Sýn Hagsmunasamtaka heimilanna
  Friðrik Ó. Friðriksson, formaður stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna
- Samantekt fundarstjóra og fyrirspurnir

Fundarstjóri: Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er *ókeypis.*


Breytingar hjá Landsbjörg vegna lélegrar afkomu af flugeldasölu í fyrra:

# Risatertunum skipt út fyrir litríkari rakettur í millistærð

**VIÐSKIPTI** Ein aðaltekjulind björgunarsveitanna, flugeldasalan, brást í fyrra samkvæmt Kristni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Kristinn segir að í ár sé búið að laga vöruúrvalið að ástandi, fara vel ofan í reksturinn og skera allan óþarfa í burtu.

„Útkoman í fyrra var ekki beysin þar sem við urðum að borga mjög hátt verð fyrir vöruna vegna stöðu krónunnar þannig að við gerðum ekkert meira en að borga reikningana og búið. Það var enginn hagnaður þannig að þetta er ekki búið að vera létt," segir Kristinn. „Við erum búin að fara vel ofan í reksturinn, taka allan óþarfa í burtu og leggja áherslu á nýja þætti í vöruúrvalinu, þessa millistóru hluti sem við reiknum með að almenningur muni frekar kaupa en flytjum ekki inn risaterturnar sem hafa verið mikið keyptar síðustu árin."

Síðustu áramót varð mikill afgangur af stærri flugeldunum eins og tertunum en þess í stað urðu sölustaðir uppiskroppa með millistórar vörur. „Við erum því ekki aðeins að flytja inn meira af millistóru flugeldunum heldur bættum við líka effektana á þeim, með meiri litadýrð. Þannig fá nú allir nýjan Gunnar og nýja Bergþóru en við erum með fjórtán nýjar tegundir af millistóru rakettunum. Eins eru þessir millistóru fjölskyldupakkar veglegri en áður hefur verið. Við vonumst til að þetta takist í ár með dyggri hjálp almennings." - jma



**MIKIÐ ÚRVAL AF MILLISTÓRUM RAKETTUM Í ÁR** Risaterturnar sem notið hafa mikilla vinsælda síðustu árin seldust lítið sem ekkert í fyrra. Vöruúrvalið er því afar breytt í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Skráðu þig í tölvunám
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2009 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:



### Excel töflureiknirinn
Morgunnám hefst 23. nóvember

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.
Gott úrval framhaldsnámskeiða í Excel á tv.is.

Verð: 26.900 Stundir/einingar: 22/1



### Pivottöflur í Excel
Morgunnám hefst 26. nóvember

Námskeið fyrir alla sem velta tölum mikið fyrir sér. Áhersla er lögð á að vinna alls konar upplýsingar úr gagnagrunnum, setja upp víddir, sía upplýsingar og bora niður í þær til að kalla fram alls konar nýjar upplýsingar og samantektir. Ómissandi þekking.

Verð: 12.900 Stundir: 5



### Excel IIa framhaldsnám
Morgunnám hefst 16. nóvember

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja læra meira og kafa dýpra í Excel. Meðal þess sem tekið er fyrir eru flóknari reikniföll, veltitöflur, myndrit, gagnagrunnstengingar, listavinnsla, síun og röðun, Solver, Goal Seek, einfaldir fjölvar og smíði einfaldra falla með VBA.

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 18/1



### Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13



### Word 2007 ritvinnsla
Morgunnám hefst 16. nóvember

Vinnusparandi nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af Word við gerð fréttabréfa, tölvupósta, bæklinga, námsefnis og annars ritaðs mál. Bættu við þekkingu þína á Word.
Gott úrval Word framhaldsnámskeiða á tv.is.

Verð: 26.900 Stundir/einingar: 22/1



### Vinnsla langra skjala í Word
Dagnám hefst 30. nóvember

Einstakt nám fyrir þá sem vinna skýrslur og skjöl til prentunar og dreifingar. Mikið af vinnusparandi aðgerðum og sjálfvirkni tekin fyrir, kennt að tengja Excel töflur, myndrit og myndir með lifandi tengingu við skýrslur og skjöl. Nám sem skilar arði strax.

Verð: 18.900 Stundir: 13



### Publisher umbrot og prentun
Dagnám hefst 7. desember

Frábært umbrotsnámskeið um Publisher frá Microsoft. Kennt er að búa til, á einfaldan hátt, margs konar prentgripi s.s. fréttabréf, auglýsingar, kort, nafnspjöld og námsefni. Notað er efni úr Word, Excel og öðrum forritum eða efnið frumsamið í Publisher.

Verð: 21.900 Stundir: 13



### PowerPoint
Morgunnám hefst 30. nóvember

Lærðu að gera kynninguna og fyrirlesturinn áhugaverðari með kröftugum glærum með texta, myndum, töflum, línuritum, myndböndum, hljóði og alls konar grafík. Bjóðum einnig framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja læra enn meira. Skoðaðu tv.is.

Verð: 16.900 Stundir: 13



### Microsoft Project 2007
Morgunnám hefst 20.nóvember

Nám sem gerir þér fært að undirbúa, áætla, stjórna og halda utan um alls konar verkefni hvort sem þau eru stór eða smá. Fjölbreyttar skýrslur, vinnulistar, kostnaðaráætlanir og aðrar upplýsingar og hægt er að halda utan um mörg verkefni í einu skjali.

Verð: 39.900 Stundir/einingar: 18/1



### DreamWeaver vefsíðugerð
Dagnám hefst 2. desember

Lærðu á vinsælasta forritið til þess að búa til nútímalegar, kraftmiklar og upplýsandi vefsíður með grafík, valmyndum, hnöppum og CSS sniðsíðum sem auðvelda vefsíðugerðina. Ítarlegt og gagnlegt námskeið sem kemur þér af stað við vefíðugerðina.

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 27/1



### Flash I og Action Script
Dag- eða síðdegisnám

Lærðu að gera lifandi vefi og vinna myndir með verkfærum sem fagmennirnir nota. Stutt og hnitmiðað nám þar sem kennt er að búa til lifandi auglýsingar og vefi með hreyfimyndum, gagnvirkni og sjálfvirkni. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 49.900 Stundir/einingar: 36/2

**Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem eru í boði hjá okkur!**

***Skoðaðu nánar á www.tv.is***

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- **Vinnumálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

### Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is

### Einka- og hópkennsla
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



**BÆNHEIT MÓÐIR** Nú nálgast óðum inntökupróf í framhaldsskóla í Suður-Kóreu. Þessi móðir lagði af því tilefni leið sína í Búddahof í Seúl þar sem hún bað fyrir góðum árangri sonarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átta þingmenn allra flokka leggja fram þingsályktunartillögu:

# Vilja aukin réttindi transfólks

**ALÞINGI** Átta þingmenn allra flokka hafa lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur að úrbótum á stöðu transfólks hér á landi. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður VG, er fyrsti flutningsmaður tillögunnar.

Í greinargerð tillögunnar segir að réttarstaða hópsins hér á landi sé bæði veik og óljós. Engin sérstök lög gildi um málefni fólksins hérlendis og margt vanti upp á til að lagalegt jafnræði og full mannréttindi séu tryggð.

Nefnt er dæmi um að ýmislegt sé óljóst þegar kemur að meðhöndlun transfólks innan heilbrigðisgeirans og umboð og réttarstaða þegar kemur að læknisfræðilegri meðferð séu óskýr. Þá sé ýmislegt óljóst þegar kemur að óskoruðum rétti transfólks til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og kyns í þjóðskrá. Einstaklingur sem lifi í nýju kynhlutverki geti ekki fengið nafni sínu breytt nema hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni, jafnvel þótt einungis hluti transfólks gangist undir slíka aðgerð.

Bent er á að til þess að móta framsækna löggjöf í þessum efnum hérlendis sé hægt sé að sækja fyrirmyndir til hins besta sem finnist í löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum og í Hollandi.



**GUÐFRÍÐUR OG TRYGGVI** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson og sex aðrir þingmenn allra flokka hafa lagt fram þingsályktunartillögu um bætta réttarstöðu transfólks.

Tilraun til smygls á Akureyri:

# Sama stúlkan tekin tvisvar

**LÖGREGLUMÁL** Stúlka á tvítugsaldri var handtekin í gærkvöld, eftir að hafa reynt að kasta pakka inn í fangelsisgarðinn á Akureyri. Í pakkanum voru lyfseðilskyld lyf, sprautur og nálar. Sama stúlka var handtekin á Akureyri fyrir viku vegna gruns um fíkniefnamisferli.

Fjögur önnur mál komu upp í umdæmi lögreglunnar á Akureyri í vikunni. Á þriðjudag gerði lögreglan leit í húsi í bænum. Þar var karlmaður um þrítugt handtekinn og fundust um fjörutíu grömm af fíkniefnum, bæði örvandi efnum og kannabisefnum.

Rannsókn á Gift:

# Sveitarfélög undirbúa kæru

**SVEITARFÉLÖG** **Undirbúningur vegna kæru Djúpavogshrepps og Vopnafjarðarhrepps vegna starfsemi Giftar/Samvinnutrygginga GT stendur enn yfir hjá Sambandi sveitarfélaga.**

**Sveitarfélögin fólu sambandinu í ágústmánuði að óska eftir opinberri rannsókn á hugsanlegu misferli í rekstri Giftar. Eignir Giftar urðu verðlausar við hrunið síðastliðið haust en félagið hafði ávaxtað sjóði tryggingataka hjá Samvinnutryggingum GT með kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi og Existu.**

**Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri á Vopnafirði, sagði við Fréttablaðið í gær að lögfræðideild Sambands sveitarfélaga væri enn að vinna í málinu og málið hefði ekki verið sent til meðferðar hjá yfirvöldum.** - pg

**KJARAMÁL**

### Bannið verði framlengt

Bann við því að Kjararáð hækki laun alþingismanna, ráðherra og helstu embættismanna verður framlengt til ársloka 2010 samkvæmt frumvarpi til laga, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fyrir Alþingi. Frá og með ársbyrjun 2011 getur ráðið hins vegar aftur fellt úrskurði um kjaramál og hækkað laun kjörinna fulltrúa og embættismanna ef launaþróun hjá viðmiðunarhópum gefur tilefni til.

# Bíður enn milli vonar og ótta

**Paul Ramses og fjölskylda bíða þess enn að Útlendingastofnun ákveði hvort þau fái að búa á Íslandi eða ekki. Sonur þeirra fær ekki að vera á leikskóla. Útlendingastofnun brýtur stjórnsýslulög, að mati lögmanns.**

**HÆLISLEITENDUR** Hælisleitandinn Paul Ramses hefur ekki fengið svar frá Útlendingastofnun um hvort hann fái að vera áfram á landinu eða ekki. Hann sótti fyrst um hæli hér í febrúar 2008.

Ramses og kona hans Rosemary eru bæði í vinnu og leigja íbúð í miðbænum. Sonur þeirra, Fídel Smári, er að verða átján mánaða gamall, en honum hefur þegar verið synjað um leikskólavist, þar sem foreldrar hans eru utan kerfis.



**KATRÍN THEÓDÓRSDÓTTIR**

Lögmaður Ramses, Katrín Theódórsdóttir, mótmælti þessu fyrir hönd fjölskyldunnar og benti leikskólasviði borgarinnar á að foreldrar Fídels Smára greiddu skatt og útsvar í Reykjavík. Leikskólasvið féllst þá á að gera „undantekningu frá ófrávíkjanlegu skilyrði“, þannig að Fídel fær pláss hjá dagforeldri niðurgreitt frá borginni. Hann fær samt ekki að vera á leikskóla.

Katrín segist fegin þessari niðurstöðu, þótt hálfur sigur sé. Einnig virði hún það við Útlendingastofnun að taka ekki Paul Ramses fram fyrir röð hælisleitenda, þótt mál hans hafi fengið mikla umfjöllun á sínum tíma. Hins vegar segi það meira en mörg orð um ástand útlendingamála hér á landi hversu langan tíma þetta taki.

> Ég fullyrði að þessi vinnsluhraði og lengd málsmeðferðarinnar er brot á stjórnsýslulögum.
>
> **KATRÍN THEÓDÓRSDÓTTIR** LÖGMAÐUR PAULS RAMSES

„Ég fullyrði að þessi vinnsluhraði og lengd málsmeðferðarinnar er brot á stjórnsýslulögum. Það á að afgreiða mál eins fljótt og auðið er. En allir hælisleitendur þurfa að bíða svona lengi eftir frumákvörðun í hælismálum og síðan, ef þeir kæra neitunina, mega þeir bíða í átján til 24 mánuði til viðbótar eftir afgreiðslu dómsmálaráðuneytis,“ segir hún.

Eftir að Ramses sótti um hæli í febrúar var honum synjað um það að kvöldi 2. júlí og boðið að gista hjá lögreglu. Daginn eftir var hann sendur til Ítalíu, en kona hans og barn voru skilin eftir á Íslandi.

Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og mótmælt fyrir utan dómsmálaráðuneytið, uns ný gögn í málinu bárust Útlendingastofnun, og Ramses var kallaður til hælismeðferðar á Íslandi. Þetta var 25. ágúst 2008. klemens@frettabladid.is



**PAUL, ROSEMARY OG FÍDEL SMÁRI** Foreldrarnir vinna og búa í Reykjavík, en vita ekki nema þau þurfi að fara frá landinu hvenær sem er með skömmum fyrirvara. Fídel Smári fær ekki að fara á leikskóla fyrr en úr því er skorið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðeins eitt verð
1.190,- kr/kg
Ath! Sama hvað það er.
Allur ferskur fiskur, allir fiskréttir
....allur fiskur í fiskborði.
Tilboðið gildir alla vikuna.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



**HÆGT AÐ FYLGJAST MEÐ FÖNGUM Í GEGNUM SÍMA** Nokkrar aðferðir við rafrænt eftirlit eru viðhafðar í öðrum löndum. Ein af þeim ódýrari er að eftirlitið fari fram í gegnum síma fanga.

Rafrænt eftirlit með föngum hugsanlegt:

# Gæfi ekki afslátt af refsingu fanga

**FANGELSISMÁL** Unnið er að gerð frumvarps sem felur í sér að fangar geti lokið hluta afplánunar undir rafrænu eftirliti.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að þrátt fyrir að slíkt eftirlit geti verið kostnaðarsamt lítist honum vel á hugmyndirnar.

„Stefna okkar og ráðuneytisins er að auka vægi afplánunar fyrir utan fangelsi,“ segir Páll og bætir við að þeir sem fengju að vera undir slíku eftirliti væru menn sem stofnunin treysti og væru búnir að vera lengi í afplánun. „Okkur vantar vissulega pláss fyrir hættulega glæpamenn en það eru menn inni á meðal sem er fullkomlega treystandi í þetta.“

Hvernig eftirlitinu yrði háttað liggur ekki nákvæmlega fyrir en Norðurlöndin hafa haft fanga með ökklaband þar sem fangaverðir og félagsráðgjafar taka þátt í eftirlitinu. Til greina getur komið að fylgjast með föngum í gegnum síma þeirra, sem er ódýrari aðferð.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir eftirlitið íþyngjandi fyrir fanga og ekki þýða afslátt af refsingu þeirra. Í frumvarpinu er einnig tillögur um rýmri reglur um reynslulausn, sem og að fangar geti í auknum mæli afplánað refsingu með samfélagsþjónustu. - jma

# SJÓNVARPSTILBOÐ

42" 50.000:1 Vreal 3 FULL HD DVB-T

## Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

---

22" DVD INNBYGGÐUR DVD SPILARI

## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990

32" DVB-T 2 HDMI

## JVC DynaPiX

**JVC LT32DY8**
32" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.200:1 skerpu, 8ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990

42" PIP/PAP 2 HDMI

## UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

40" 50.000:1 FULL HD 4 HDMI 100Hz DVB-T

## TOSHIBA

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 100Hz, 24 FPS, uppskölun, 50.000:1 dýnamískri skerpu, Game Mode, baklýsingu DVB-T stafr. móttakara, USB 2.0, 4x HDMI, VGA ofl.

**VERÐ 229.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---

42" 50.000:1 FULL HD DVB-T

## PHILIPS

**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

42" 400Hz Vreal 3 FULL HD DVB-T SKERPA 2.000.000:1

## Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour Management, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

47" 50.000:1 FULL HD DVB-T

## PHILIPS

**Philips 47PFL5604H**
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 329.990**
FULLT VERÐ kr. 379.990

46" Vreal PRO 4 V-AUDIO SURROUND FULL HD 600Hz DVB-T SKERPA 2.000.000:1

## Panasonic

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T mótt., kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

---

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

**FRÉTTAVIÐTAL:** Uppgröftur á leifum frá víkingaöld á Alþingisreit

# Kostar 25 milljónir að ljúka rannsókninni

**Vala Björg Garðarsdóttir fornleifafræðingur segist þurfa tvö sumur og 25 milljónir til að ljúka við uppgröft á leifum frá víkingaöld við Alþingisreit. Hún vonar að verkið verði ekki boðið út á kostnað vísindanna og bendir á að vísindaleg rannsókn, með tilheyrandi samstarfi við háskóla, geti verið ódýrari. Erlendir fræðimenn vilja taka þátt í starfinu.**

Uppgrefti fornleifa við Alþingisreit lauk fyrir mánaðamót, samkvæmt áætlun.

Við gröftinn komu í ljós ýmsar leifar allt frá víkingaöld, sem á eftir að skoða betur og ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Tyrft var yfir minjarnar aftur og þær skildar eftir óáreittar, að svo stöddu.

Nefnd á vegum menntamálaráðherra fer nú yfir hvað skuli gert við þær menjar sem fundust, og hvernig skuli brugðist við vísbendingum um að enn meiri fornleifar leynist á næstu grösum.

**Vill vísindalega rannsókn**

Vala Björg Garðarsdóttir fornleifafræðingur hefur stýrt uppgreftinum. Hún vill helst ekki að haldið verði útboð um verkefnið. „Ég vona að þetta verði skilgreint sem vísindaleg rannsókn og gert á þeirri forsendu en ekki sem björgunaruppgröftur, eins og var,“ segir hún.

Fleiri sérfræðingar muni koma að rannsókninni á víkingaaldarleifunum en komu að uppgreftinum á Alþingisreitnum sem slíkum. Vala sér fyrir sér samstarf milli minjastofnana, erlendra og innlendra háskóla, ríkis og borgar, en vonandi verði stjórnin í höndum sama fólks og áður, það er Völu og félaga.

**Skýrsla eftir níu mánuði**

Spurð hvenær verði farið í þessar rannsóknir segist Vala vona að það verði næsta sumar, og ekki seinna en sumarið 2011.

> Ég vona að þetta verði skilgreint sem vísindaleg rannsókn og gert á þeirri forsendu en ekki sem björgunaruppgröftur eins og var.
>
> **VALA BJÖRG GARÐARSDÓTTIR** FORNLEIFAFRÆÐINGUR

„Við höfum níu mánuði til að púsla þessu saman og skila af okkur lokaskýrslu. Við gætum svo klárað rannsóknirnar á víkingaaldarleifunum á tveimur sumrum fyrir kannski 25 milljónir, sem er ekki mikið,“ segir hún.

Í vetur verður unnið úr þeim gögnum sem aflað hefur verið í uppgreftinum, fyrir skýrsluna.

„En af því að þetta fór í útboð er okkur sniðinn nokkuð þröngur stakkur. Þessa vinnu mætti vinna talsvert ítarlegar í vísindalegri rannsókn því þar eru gæði starfsins aðalatriðið og þá kæmu að sérfræðingar og háskólarnir. Ég fæ vonandi að taka þátt í því,“ segir hún.

**Ódýrari akademía**

Hún segir Íslendinga ekki gera sér grein fyrir því hversu miklu ódýrara akademíska fyrirkomulagið er.

„Sérfræðingar sem þar koma að eru á styrkjum frá sínum háskólum. Það gæti til dæmis verið doktorsnemi, sem ætlar að sérhæfa sig í járnvinnslu. Þann efnivið má nýta í rannsókninni, en í útboði er slík sérfræðiþjónusta aðkeypt. Það mætti því skoða þessa útboðshugsun aðeins betur.“

Nú sé einnig mjög aðlaðandi fyrir erlenda háskóla að vinna verkefni á Íslandi, því styrkirnir verði tvöfalt hærri hér en erlendis, vegna lágs virðis krónunnar.

„Það er því ekki erfitt að fá erlenda háskóla í þetta samstarf. Við erum þegar búin að heyra í sérfræðingum sem biðja um að koma að verkinu,“ segir Vala fornleifafræðingur.



FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTAR.
klemens@frettabladid.is



**VALA MUNDAR FENGINN** Þessi birkibútur úr gamalli kolagröf er frá 870. Vala hefur ekki fundið neitt sem sýnir ótvírætt fram á að í Reykjavík hafi verið föst búseta fyrir þann tíma. Líklegra sé að fólk hafi dvalið hér árstíðabundið, fyrir eiginlegt landnám, en ekki haft fasta búsetu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LÍTIÐ BENDIR TIL FASTRAR BÚSETU FYRIR 871

Öðru hvoru er rætt um að landnám Íslands sé eldra en segir í skólabókum. Í mars bárust fréttir af fornleifafundi á Alþingisreitnum. Þetta voru járngerðarofnar sem áttu að benda til að menn hefðu haft fasta búsetu hér, 150 árum fyrir ætlað landnám.

Vala Garðarsdóttir segir að í rauninni séu sannanir fyrir fastri búsetu fyrir árið 871 litlar.

„Auðvitað eru vísbendingar um að hér hafi verið menn, en ekki í nærri eins miklum mæli og við sjáum strax eftir 870. Fólk hefur því örugglega komið hingað og sest að árstíðabundið, en stöðuga búsetu sér maður ekki fyrr en strax eftir lok níundu aldar,“ segir hún.



**VALA MEÐ SNÆLDUSNÚÐ** Þeir kunna að geyma eitt elsta rúnaletur sem fundist hefur hér, frá 10. eða 11. öld.

„En svo eru nýjar rannsóknir að koma fram um hvað mýrarrauðinn var dýrmætur og hreinn á Íslandi og að hann kunni að vera ein ástæða þess að menn komu hingað og settust að til að byrja með. En það er ýmsu ósvarað um það og heilmikið eftir að grafa upp.“

Heilmikið sé eftir af víkingaaldarleifum, sem ekki hafi verið grafið í að sinni, undir Tjarnargötu og Kirkjustræti og víðar:

„Bæjarstæðið hefur verið mun þéttara en við áttuðum okkur á áður, því við höfum alltaf verið að grafa á svo afmörkuðum svæðum. Menn geta svo rifist um hvort landnám var árið 900 eða 800, það skiptir ekki öllu máli.“ **- kóþ**






**MANUEL ZELAYA** Forsetinn burtrekni í sendiráði Brasilíu, þar sem hann hefst við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinn brottrekni forseti:

## Samkomulag að engu orðið

**HONDÚRAS, AP** Manuel Zelaya, hinn brottrekni forseti Hondúras, segir að samkomulag um stjórn landsins sé að engu orðið.

Bandaríkin höfðu milligöngu um að Zelaya og andstæðingar hans, sem ráku hann úr landi og tóku sér völd fyrir fjórum mánuðum, mynduðu sameiginlega stjórn til að leysa deiluna.

Ekkert hefur hins vegar orðið úr þeirri stjórnarmyndun. Þegar frestur til þess rann út í gær sagði Zelaya samkomulagið runnið út í sandinn.

„Það er tilgangslaust að blekkja landsmenn,“ sagði hann í gær. **- gb**

Félag um foreldrajafnrétti:

# Vilja jafnan rétt til umgengni

**JAFNRÉTTISMÁL Félag um foreldrajafnrétti skorar á ríkisstjórn Íslands að taka á jafnrétti foreldra til að umgangast börn sín.**

**Í tilkynningu frá félaginu kemur meðal annars fram að móðir verði í 95 prósentum tilvika með lögheimili og öll helstu réttindi barna við skilnað foreldra. Í raun sé jafnrétti kynjanna í málaflokki forsjár- og umgengnismála ekki viðurkennt á Íslandi.**

**Félagið gagnrýnir einnig embætti umboðsmanns barna og segir það ekkert hafa gert til að leiðrétta mannréttindabrot á börnum í forsjár- og umgengnismálum.**

Samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál og Varðberg efna til fundar um Berlínarmúrinn:

# Erum aldrei búin undir viðburði sem þessa

**ALÞJÓÐAMÁL** „Ég man hverja einustu mínútu kvöldið sem múrinn féll. Ég þurfti eins og aðrir að klípa mig í handlegginn til að trúa að þetta væri að gerast. Ég myndi hins vegar ekki vilja skipta á neinum happdrættisvinningi og því að hafa verið viðstaddur,“ segir Ágúst Þór Árnason, doktor í réttarheimspeki og kennari við Háskólann á Akureyri.



ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON

Ágúst Þór flytur erindi á vegum Samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál (SVS) og Varðbergs í Norræna húsinu í dag. Erindið ber yfirskriftina „Múrbrot horfinnar hugmyndafræði – 20 ár frá falli Berlínarmúrsins“.

„Ég reyni í erindi mínu að tengja heimsviðburð við eigin upplifun en segja má að fall múrsins sé einhver merkilegasti stjórnmálaviðburður seinni tíma. Bæði var þetta upphaf endaloka austur-evrópsks kommúnisma og byrjun þeirrar hnattvæðingar sem hefur verið á mikilli siglingu síðustu árin. Hins vegar var erfitt að útskýra múrinn fyrir fólki sem ekki þekkti til fyrir 20 árum og í dag er það enn erfiðara. Þessi atburðarás – að menn skyldu byggja múr utan um milljónaborg í miðri Evrópu – er auðvitað svo ótrúleg.“

Fundurinn hefst klukkan 12. Björn Bjarnason, formaður SVS, flytur einnig erindi á fundinum. Fundarstjóri verður Stefán Einar Stefánsson, formaður Varðbergs. Áhugafólk um öryggis-, varnar og alþjóðamál er hvatt til að sækja fundinn. - jma



**HORFINN HEIMUR** Erindi um Berlínarmúrinn og hugmyndafræði Austur-Evrópu verður flutt í Norræna húsinu í dag.



**RJÚPNAVEIÐITÍMABILIÐ HAFIÐ** Lögreglan á Selfossi hefur haft afskipti af tólf rjúpnaskyttum frá því að veiðitímabilið hófst um síðustu helgi.

Vopn og fengur gerð upptæk:

# Skutu rjúpur í þjóðgarðinum

**ÞINGVELLIR** Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af tveimur rjúpnaskyttum sem voru á veiðum innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Skotvopn þeirra og fengur, átta rjúpur, voru gerð upptæk.

Veiðar eru stranglega bannaðar innan þjóðgarðsins en mennirnir sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir að þeir væru staddir innan garðsins. Lögreglan taldi að skytturnar ættu að gera sér það ljóst þar sem bíl þeirra var lagt við Botnssúlur sem tilheyrir þjóðgarðinum. Mennirnir fá sekt og geta hugsanlega misst skotleyfin. - jma

Á 170 kílómetra hraða:

# Ölvaður endaði utan vegar

**LÖGREGLUMÁL Tvítugur ökumaður endaði ökuferð utan vegar við Norðausturveg í Öxarfirði á ellefta tímanum á laugardagskvöld. Ökumaðurinn hafði virt að vettugi stöðvunarmerki lögreglunnar á Húsavík sem var við hefðbundið eftirlit. Þess í stað jók ökumaður hraðann og ók bíl sínum á allt að 170 kílómetra hraða á flóttanum. Hann reyndist talsvert ölvaður og var sviptur ökuréttindum á staðnum.**

**Þá var bíll í Námaskarði austan Mývatns síðdegis á laugardag. Ekki urðu alvarleg slys á fólki. Slysið er rakið til hálku á veginum.** - jma

Framlög til þróunaraðstoðar:

# Biskup lýsir yfir áhyggjum

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, lýsti yfir áhyggjum með niðurskurð í þróunaraðstoð frá Íslendingum á Kirkjuþingi á laugardag. Framlögin hafa verið skorin niður um fjórðung.



KARL SIGURBJÖRNSSON

„Okkur er mikilvægt að muna að þróunaraðstoð er samstarfsverkefni. Ekki ölmusa sem hinn ríki hendir í þann fátæka, heldur samstarf,“ sagði biskup í ræðu sinni. Hann sagði Ísland enn vellauðuga þjóð sem gæti hjálpað fátækari ríkjum sem byggju við mikla og langvarandi fátækt. Þjóðin hefði undanfarið reynt að reka af sér slyðruorð hvað þátttöku í þróunarhjálp varðar. - jma


VIÐ VILJUM AÐ ÞÚ
KYNNIR ÞÉR MÁLIÐ




Sjálfvirk greiðslujöfnun - aðgerðir ríkisstjórnar

Öll verðtryggð lán, sem eru tryggð með fasteignaveði og eru í skilum fara sjálfkrafa í greiðslujöfnun og tekur sú greiðslujöfnun gildi frá og með gjalddaga í desember nk.

→ Þann **1. desember** fara sjálfkrafa í greiðslujöfnun öll verðtryggð lán, sem eru tryggð með fasteignaveði og eru í skilum.

→ Óski lántaki eftir því að vera undanþeginn úrræðinu gerir hann það með því að fylla út form á heimasíðu Nýja Kaupþings banka www.kaupthing.is, í netbankanum eða í næsta útibúi bankans fyrir **20. nóvember.**

→ Allar nánari upplýsingar má finna á www.kaupthing.is, www.island.is og www.felagsmalaraduneyti.is.

NÝI KAUPÞING BANKI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Reynist Icesave vera okkar Titanic?

## Veikburða stjórnkerfi

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Svo virðist sem flestir landsmenn séu í mikilli óvissu með framtíðina og stöðugleika vantar í daglegu lífi fólks og fyrirtækja. Mikið óöryggi ríkir og margar sterkustu stoðir í þjóðfélaginu hafa veikst. Óvissa er um eignarhald fyrirtækja og nánast á hverjum degi koma upp stórfurðuleg mál hvort sem það eru barnalán eða afskriftir fullorðinna manna og fyrirtækja upp á tugi eða jafnvel hundruð milljarða króna. Einn bankinn gleymdi að bóka 139 milljarða.

Eitt af því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur bent á er að íslenska stjórnkerfið er veikburða og á næstu mánuðum og misserum reynir mjög á það hvernig til tekst við landstjórnina. Nokkur jákvæð merki eru um að botninum sé náð í efnahagsmálum, en flestir eru sammála um að undirliggjandi séu enn miklir erfiðleikar. Spáð er frekari lækkun fasteignaverðs og niðurskurði ríkisútgjalda næstu árin. Þá mun Icesave draga okkur enn frekar niður. Getur verið að við séum bara enn í grunnu lauginni og þar sé botninum náð, en við eigum eftir að fara yfir í djúpu laugina? Þá þarf að kaupa fleiri og dýrari björgunarhringi frá AGS til að halda landsmönnum og krónunni á floti.

Það varð ekki eingöngu efnahagshrun á Íslandi heldur einnig hrun stjórnkerfisins. Verkefni stjórnmálamanna, embættismanna stjórnkerfisins og stjórnenda stærstu fyrirtækja landsmanna, þar með talið bankanna, hefur að stórum hluta snúist um björgunaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins. Það er ekki fjarri lagi að núverandi ríkisstjórn sé fyrst og fremst neyðarstjórn, sem kosin var til að bjarga okkur út úr erfiðleikunum. Í þessari neyðarstjórn starfar fjármálaráðherra að mörgu leyti eins og formaður samhæfingarmiðstöðvar í kjölfar náttúruhamfara. Hann tók eiginlega við sem stýrimaður á „Titanic" eftir að þjóðarskútan sigldi á ísjaka og hann hefur út af fyrir sig staðið sig vel í því hlutverki. Skipstjórinn er aftur á móti meira til hlés í sinni káetu.

Var Icesave að sumu leyti okkar Titanic? Þeir sem stóðu í brúnni fyrir liðlega ári bera mikla ábyrgð, því þá rákumst við á ísjaka sem þeir sem voru á vaktinni áttu að sjá nálgast óðfluga. Skipið átti að vera ósökkvandi og það vantaði fleiri björgunarbáta.

Nú þarf sterka og samstillta ríkisstjórn, jafnvel þjóðstjórn, með framtíðarsýn og stuðning þjóðarinnar til að takast á við verkefni framtíðarinnar og koma þjóðarskútunni upp úr öldudalnum. Það er fullt af góðum tækifærum eins og sést á öllum þeim fjölda sprotafyrirtækja og annarra lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eru nú okkar bjartasta von. Góð þekking og menntun þjóðarinnar auk náttúruauðlinda er okkar styrkur. Þjóðfundur í Laugardalshöll næstkomandi laugardag er tilraun til að fá almenning með lýðræðislegum hætti til að horfa fram á veginn. Þar verður rætt hvert eigi að fara og hvernig skuli komast þangað. Þarf þjóðin ekki að átta sig fljótlega á því hvert skal halda, þannig að hún sigli ekki bara eitthvert út á hið opna haf á vit nýrra ævintýra? Úti er ævintýri!

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ný og persónuleg jógastöð

opnunartilboð
15%
afsláttur af öllum kortum

Hot jóga
Hatha Jóga
Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga námskeið

Stakur tími 1.500 kr.
Mánaðarkort 9.265 kr.
3 mánaðakort 20.315 kr.
6 mánaðakort 30.600 kr.

**Byrjendanámskeið 12.665 kr.**
**Meðgöngujóga námskeið 9.265 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.



JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.bloggar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rörasýn

Frárennslismál hafa löngum verið mönnum hugleikin og jafnvel getað hrint af stað illdeilum, eins og henti í Eyrbyggju. Nú virðist það sama vera uppi á teningnum milli Morgunblaðsins og DV. Fyrrnefnda blaðið sakaði það síðarnefnda í Staksteinum í gær um að vera skolprör. Þeir á DV svöruðu fullum hálsi á þá leið, að ef DV væri skolprör væri Mogginn skolpið sem þyrfti að veita á réttan stað svo það ylli pestum og annarri óáran. Einhver hafði á orði hvort nú væri ekki lag fyrir Moggann og DV að ganga í eina sæng og koma framvegis út undir nafninu Lagnafréttir. En það er víst frátekið.



### Karllægir jafnréttisráðherrar

Ráðherrar jafnréttismála þriggja Norðurlandaþjóða, Íslands, Noregs og Finnlands, funduðu á fimmtudag. Meðal þess sem bar á góma á fundi þeirra var ólík áhrif kreppunnar á konur og karla og mikilvægi þess að koma ungum körlum aftur út á vinnumarkaðinn. Fundurinn sætti þó líka tíðindum að því leyti að jafnréttisráðherrarnir þrír sem hittust voru allir karlar.



### Engin umbylting

Fréttablaðið greindi frá að Par-x viðskiptaráðgjöf IMB hefði lagt til við Samtök sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu að rekstur á öllum strætisvögnum á svæðinu yrði boðinn út. Það yrði óneitanlega nokkuð róttæk aðgerð og myndi meðal annars þýða uppsagnir vagnstjóra og sölu á strætisvögnum. Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi og stjórnarformaður Strætós, segir aftur á móti ekki standa til að ráðast í róttækar breytingar á rekstrinum. Sumsé enn ein skýrslan skrifuð til einskis. Og hvað ætli hún hafi kostað?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Berlínarmúrinn

Í dag eru tuttugu ár liðin frá því að Berlínarmúrinn féll. Og kalda stríðinu lauk.

Eins og stundum þegar heimssögulegir atburðir verða þá réðist tímasetningin af klaufaskap. Þýska alþýðulýðveldið (DDR) var að vísu komið að fótum fram en hékk saman á ógninni einni allt þar til að upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, Günter Schabowski, missti í taugaveiklun út úr sér á blaðamannafundi undir kvöld þann 9. nóvember 1989 að Austur-Þjóðverjar myndu þá þegar fá heimild til að ferðast vestur yfir. Það hafði þó ekki verið endanlega afgreitt.

Umsvifalaust og fréttin barst þustu mótmælendur út eftir Unter den Linden og út að múrnum sem var hreinlega rifinn niður með berum höndum í beinni útsendingu. Landamæraverðirnir vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið, þeim hafði ekki verið sagt frá þessum breyttu háttum. Blessunarlega brugðu þeir ekki til varna. Daginn eftir var allt breytt. Þýskaland sameinaðist árið eftir og svo liðuðust Sovétríkin loks í sundur í ágúst 1991.

### Táknmynd kalda stríðsins

Berlínarmúrinn var reistur árið 1961 og varð um leið að táknmynd kalda stríðsins. Hann samanstóð af tveimur samsíða veggjum sem skildu heimsveldin og heimskerfin að. Yfirleitt var vírvirki austan megin en steyptur múr vestan megin. Á milli var víðáttumikið einskismannsland. Þar var ekkert nema ógnandi varðturnar, þrautþjálfaðir vélbyssuhermenn, völuður gaddavír og jarðsprengjur í tilviljanakenndri röð. Á þessu dauðasvæði var drepinn fjöldi fólks sem reyndi að flýja.

Misserin og mánuðina á undan hafði þung undiralda andófs



EIRÍKUR BERGMANN

Í DAG | Aðskilnaðarmúrar

magnast út um alla Austur-Evrópu og mótmælendur voru farnir að láta til sín taka. Mörgum árum fyrr velgdi Samstaða pólskum stjórnvöldum undir uggum og ungverska ríkisstjórnin hafði fjarlægt gaddavírsgirðingarnar á landamærunum við Austurríki í lok maí árið 1989. Þegar komið var fram á þetta örlagaríka nóvemberkvöld höfðu hundruð þúsunda Austur-Þjóðverja flúið vestur yfir, meðal annars í gegnum Ungverjaland.

### Múrinn fellur

Á fjörutíu ára afmæli DDR, hinn 7. október 1989, var hinn ungi sovétleiðtogi, Mikhail Gorbachev, kominn til að láta austurþýsku öldungana vita að róttækar umbætur gætu ekki beðið. Andófið hófst löngu áður við Nikulásarkirkjuna í Leipzig, en þar höfðu efasemdamenn ríkjandi ástands löngum komið saman í óþökk stjórnvalda, og smám saman hafði krafan um endurbætur á hinu sósíalíska þjóðskipulagi breiðst út um landið.

Og sífellt fjölgaði í mótmælendahópunum sem fylltu götur Leipzigborgar, Dresden og Austur-Berlínar. En öldungarnir skildu ekki tímans þunga nið, ornuðu sér í afneitun við að fylgjast með glæsilegri heiðursfylkingu hermanna marsera undir rauðum fána á afmælinu. Leiðtoginn Eric Honecker sagði við það tækifæri að Berlínarmúrinn – sem hann kallaði raunar aldrei annað en andfasíska friðarskilrýmið – myndi standa í hundrað ár til viðbótar. Rúmum mánuði síðar var múrinn fallinn.

### Aðrir múrar

Enn í dag reisa menn aðskilnaðarmúra víða um heim. Í Ísrael eru arabar hneppptir í afmúruð gettó með himinháum steinvegg sem hlykkjast utan um byggðir þeirra í Palestínu. Í Bandaríkjunum eru múrgerðarmenn sérlega áhugasamir um himinhátt skilrúm sem á að greina Suður-Ameríku endanlega frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, þvert eftir landamærunum að Mexíkó. Og í Evrópu eru Brusselingar í Schengen-samstarfinu í óðaönn að reisa ógnarháan andinnflytjendamúr skrifræðis, sem aðeins sérdeilis vel fleygir fuglar geta komist yfir, en allra síst fátækt verkafólk frá Afríku. Sá múr er að vísu hvorki áþreifanlegur né sýnilegur berum augum en Evrópuvirkið er að þessu leyti eigi að síður afar raunverulegt.

Svo er Berlínarmúr hugans nú einnig víða að finna. Eftir efnahagshrunið má til að mynda hér heima greina aukna andúð manna á milli í umræðunni, skotgrafirnar í íslenskum stjórnmálum hafa sjaldan verið dýpri. Í slíku ástandi er raunveruleg hætta á að nýr Berlínarmúr rísi í hugum fólks, þar að segja ef okkur tekst ekki að þjappa þjóðinni betur saman í þeim viðamiklu og mikilvægu verkefnum sem við stöndum nú frammi fyrir við að endurreisa og endurbæta íslenskt samfélag. Eða eins og Gorbachev sagði við Honecker á 40 ára afmæli DDR: Lífið refsar þeim sem kemur of seint.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

# Er vélhjólafólk vont fólk?

**UMRÆÐA**

Jakob Þór Guðbjartsson skrifar um akstur utan vega



JAKOB ÞÓR GUÐBJARTSSON

Umhverfisráðherra skrifaði grein í Fréttablaðið 6. nóvember síðastliðinn. Í augum hennar virðast vélhjólamenn vera sá armur útivistarfólks sem mest ógnar náttúrunni. Vandamál vegna utanvegaaksturs er til staðar og ber ekki að gera lítið úr því. Hins vegar hefur umræðan um akstur utan vega oft einkennst af upphrópunum fárra einstaklinga, sem oftar en ekki bera með sér óvild í garð mótorhjólamanna og þeir álitnir holdgervingar alls þess á hlut náttúrunnar er gert. Akstur mótorhjóla er staðreynd og ætti að vinna sem verkefni en ekki sem vandamál.

Ég veit ekki hvort Svandís viti það en flestir slóðar á hálendinu eru bara troðningar sem myndast hafa í landið við reglulega umferð ferðafólks. Í upphafi ferðalaga á hálendinu var bifreiðum ekið eftir melum og móum og með tímanum urðu þessar leiðir að slóðum. Í dag eru margar af þessum leiðum komnar í umsjón Vegagerðarinnar og engum kemur til hugar að líta á þessa slóða sem akstur utan vega. Mótorhjólafólk er ekkert öðruvísi en annað ferðafólk að því leyti að það hefur ákveðnar væntingar til umhverfisins og þess undirlags sem ferðast er yfir. Akstur utan vega verður ekki vandamál ef komið er til móts við væntingar ökumannsins.

Barátta ráðuneytisins við akstri utan vega er liður í því að takmarka aðgengi almennings að náttúrunni, öðrum en þeim sem góðir eru til gangs eða sækja þurfa fé á fjall. Ef raunverulegt markmið væri að draga úr landsskemmdum og loka ósjálfbærum leiðum væri ekki lögð svona mikil áhersla á lokanir, lögleiðingu og reglugerðarsmíð.

Umhverfisvitund mótorhjólafólks er mun meiri en ráðherra gerir sér grein fyrir, þótt vissulega séu til undantekningar. Forysta mótorhjólafólks hefur mætt á fundi hjá ráðherrum, sveitarfélögum og stofnunum með lausnir á akstri utan vega en ber sjaldnast annað úr býtum en kaffisopa, japl, jaml og fuður. Ef ástandið er jafn slæmt og landverðir og landgræðslan láta vera, hvers vegna er ekki lagður peningur í þennan málaflokk? Hvers vegna er ekki lögð meiri áhersla á samvinnu við grasrótina? Fyrir brot af þeim peningum sem hestamenn fá af samgönguáætlun árlega væri hægt að byggja upp sterkt fræðslunet og tryggja sjálfbærni slóðakerfisins náttúrunni og útivistarhópum til heilla.

*Höfundur er jarðfræðingur og formaður Ferða- og útivistarfélagsins Slóðavina.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hælisleitendur og endursendingar til Grikklands

**UMRÆÐAN**
Kristján Sturluson og Atli Viðar Thorstensen

Í apríl 2008 gaf Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna út skýrslu þar sem lýst var miklum áhyggjum af stöðu hælismála í Grikklandi. Í skýrslunni var þeim tilmælum beint til þátttökuríkja í Dublin-samstarfinu að endursenda ekki hælisleitendur til Grikklands þar til sýnt hefði verið fram á að landið stæðist alþjóðlegar og evrópskar kröfur varðandi málsmeðferð hælisumsókna og aðgengi að henni, aðbúnað hælisleitenda og áfrýjunarmöguleika.

Ríki sem taka þátt í Dublin-samstarfinu hafa þrátt fyrir þessi tilmæli Flóttamannastofnunar og fjölmargra annarra aðila almennt haldið áfram að senda hælisleitendur til Grikklands á grundvelli samstarfsins

Dómsmálaráðuneytið vann skýrslu um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi sem kom út í júní 2009. Þar sagði að út frá gögnum, einkum skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, væri ljóst að alvarlegir annmarkar væru á meðferð hælisumsókna í Grikklandi og á aðstæðum hælisleitenda þar í landi. Hins vegar var í skýrslunni bent á að ljóst væri að ýmsar breytingar til batnaðar hefðu orðið frá því að skýrsla Flóttamannastofnunar kom út í apríl 2008. Einnig var vísað til framkvæmdar á hinum Norðurlöndunum og nýlegs dóms Mannréttindadómstóls Evrópu. Þó var í skýrslunni tekið fram að nauðsynlegt væri að skoða hvert tilvik fyrir sig og ef sú skoðun leiddi í ljós að varhugavert þætti að endursenda hælisleitenda til Grikklands væri lagt til að Ísland tæki umsókn viðkomandi til efnismeðferðar og bæri þar með ábyrgð á hælisumsókninni.

Í kjölfar skýrslunnar ítrekaði Rauði kross Íslands tilmæli sín til íslenskra stjórnvalda um að farið yrði að tilmælum Flóttamannastofnunar.

Íslensk stjórnvöld hófu aftur að senda hælisleitendur til Grikklands um miðjan október þegar þrír hælisleitendur voru fluttir þangað á grundvelli Dublin-samstarfsins.

Það er almennt viðurkennt að Dublin-reglugerðin hafi ekki náð þeim tilgangi sínum að dreifa álagi eða jafna sameiginlega ábyrgð aðildarríkja hennar á hælisumsóknum. Afleiðingarnar eru að ríki sem mynda ytri landamæri ESB, samanber Grikkland, taka á móti miklum fjölda hælisleitenda en hafa ekki haft burði til að tryggja réttláta málsmeðferð og viðunandi aðbúnað þeirra.

Afstaða Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna hefur ekki breyst. Stofnunin leggst enn gegn endursendingum til Grikklands og það sama hafa fjölmörg mannréttinda- og mannúðarsamtök gert. Álit þessara aðila er samhljóða og er því haldið fram að málsmeðferð hælisumsókna og aðbúnaður hælisleitenda standist enn ekki alþjóðlegar og evrópskar kröfur.

Í ágúst 2009 birtu Rauði krossinn og Caritas í Austurríki niðurstöður vettvangsferðar til Grikklands. Þar kom fram að verulegir annmarkar væru enn á málsmeðferð og aðbúnaði hælisleitenda í Grikklandi. Málsmeðferðin þykir bæði mjög löng og hefur einkennst af óvönduðum ákvörðunum. Þrátt fyrir að til Grikklands leiti fjöldi flóttamanna frá stríðshrjáðum löndum er hlutfall þeirra sem fá viðurkenningu á stöðu sinni á fyrsta málsmeðferðarstigi mjög lágt, aðeins um 0,05% á árinu 2008. Á áfrýjunarstigi höfðu jákvæðar breytingar átt sér stað og hlutfall jákvæðra úrskurða hækkað úr 2% árið 2007 í 11% árið 2008. Í júlí var þetta áfrýjunarstig hins vegar lagt niður sem vakti hörð viðbrögð Flóttamannastofnunar og mannréttindasamtaka.

Í nýlegri skýrslu norskra og grískra mannréttindasamtaka er því haldið fram að ástandið í


KRISTJÁN STURLUSON


ATLI VIÐAR THORSTENSEN

Grikklandi hafi versnað. Sérstaklega er nefnt að það að afnema sérstaka áfrýjunarnefnd, þar sem meðal annars fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna átti sæti, hafi líklega þær afleiðingar að margir hælisleitendur muni ekki fá réttláta efnislega meðferð hælisumsóknar sinnar.

Það áfrýjunarstig sem kemur í staðinn getur aðeins staðfest eða ógilt ákvarðanir sem teknar eru á fyrsta stigi þar sem nánast allir hælisleitendur fá neitun. Kærumeðferðin geti að auki tekið mörg ár og verið mjög kostnaðarsöm.

Þá hafa mannréttindasamtök fullyrt að nýlegar breytingar þýði að staðan í Grikklandi sé orðin slík að evrópsk ríki geti ekki staðið við eigin mannréttindaskuldbindingar ef þau sendi hælisleitendur til Grikklands. Ótryggt sé að Grikkland áframsendi ekki hælisleitendur til landa þar sem lífi þeirra og velferð sé hætta búin. Sé það raunin brjóti þátttökuríki Dublin-samstarfsins gegn grundvallarreglunni um bann við endursendingu til ríkis þar sem útlendingi er

*Það er almennt viðurkennt að Dublin-reglugerðin hafi ekki náð þeim tilgangi sínum að dreifa álagi eða jafna sameiginlega ábyrgð aðildarríkja hennar á hælisumsóknum.*

alvarleg hætta búin. Þessa reglu má finna í flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmála Evrópu og flestum landslögum, þar á meðal íslensku útlendingalögunum.

Rauði kross Íslands hefur ítrekað beint þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að senda ekki hælisleitendur til Grikklands á grundvelli Dublin-samstarfsins þar til sýnt hafi verið fram á að bæði aðbúnaður og málsmeðferð hælisleitenda standist í raun alþjóðlegar kröfur. Rauði krossinn telur, sem meðal annars er byggt á gögnum sem hér hafa verið nefnd, ljóst að slíkir gallar séu á gríska hæliskerfinu að íslensk stjórnvöld eigi að svo stöddu að nýta sér undanþáguheimild í Dublin-reglugerðinni og taka hælisumsókn til efnismeðferðar hérlendis í stað þess að endursenda til Grikklands.

*Kristján Sturluson er framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands og Atli Viðar Thorstensen er verkefnisstjóri Rauða kross Íslands.*










FYRIR BÍLINN OG ÞIG

Viltu hafa það notalegt á meðan bíllinn er smurður, skipt um dekk, settur í nýr rafgeymir, perur, rúðuþurrkur eða bremsuklossar? Hefurðu verið að fresta því að láta þjónusta bílinn af því að það er svo dýrt að þér finnst þú varla geta það?

Langar þig að láta koma fram við þig eins og manneskju? Er bíllinn sem átti að auðvelda þér lífið orðinn að hlekkjum endalausra „ósanngjarnra“ útgjalda?

Við bjóðum þér að koma við í KvikkFix og móta nýja framtíð með okkur þar sem sanngirni, gagnkvæm virðing og lægra verð eru leiðarljósið.

KvikkFix

Vesturvör 30c | 200 Kópavogur | S: 575 1500 | www.kvikkfix.is

NIKKI BLONSKY FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Ég vona að þéttum konum bjóðist fleiri kvikmyndahlutverk; mig dreymir um að sjá þær í hlutverkum kynþokkafullra ástkvenna.“*

***Leikkonan Nikki Blonsky vakti fyrst heimsathygli fyrir aðalhlutverk sitt í kvikmyndinni Hairspray frá árinu 2007. Næst birtist hún áhorfendum í framhaldsmyndinni árið 2010.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. NÓVEMBER 1989

## *Sea Shepherd sökkva hvalveiðibát*

Á þessum degi árið 1986 sökktu umhverfissamtökin Sea Shepherd íslensku hvalveiðiskipunum Hval 6 og Hval 7 í Reykjavíkurhöfn. Vegna þessa var Paul Watson, einn af stofnendum samtakanna, fangelsaður stuttan tíma þegar hann kom til Íslands árið 1988 og í kjölfarið vísað úr landi.

Sea Shepherd Conservation Society eru umverfisverndarsamtök sem einkum berjast gegn veiðum á sjávardýrum. Samtökin eru þekktust fyrir baráttu gegn hvalveiðum en hafa einnig fengist við baráttu gegn veiðum á öðrum sjávardýrum eins og selum og sæskjaldbökum.

Sea Shepherd-samtökin voru stofnuð af hópi fólks sem þótti aðferðir Greenpeace-samtakanna ekki nógu róttækar. Núverandi höfuðstöðvar samtakanna eru í Friday Harbour í Washington-ríki í Bandaríkjunum.



### MERKISATBURÐIR

**1932** Gúttóslagurinn í Reykjavík. Áheyrendur hleypa upp bæjarstjórnarfundi í Góðtemplarahúsinu vegna ákvörðunar bæjarstjórnar um að lækka laun í atvinnubótavinnu.

**1938** Kristalsnótt. Fyrstu skipulögðu gyðingaofsóknir nasista hefjast.

**1985** Minnisvarði afhjúpaður á Skógum í Þorskafirði um Matthías Jochumsson skáld, sem fæddist þar 150 árum áður.

**1989** Berlínarmúrinn fellur.

**2004** Útgáfa 1.0 af Mozilla Firefox kemur út.

**2005** Rúmlega 50 manns láta lífið og um 120 særast í sjálfsmorðssprengjuárásum í Amman í Jórdaníu.

## Réttir úr ríki Vatnajökuls í prentun

Halldór Halldórsson, matreiðslumaður á Hótel Höfn, er að ljúka við matreiðslubók sem nefnist Réttir úr ríki Vatnajökuls. Búist er við að hún komi úr prentsmiðju í byrjun desember. Hráefni úr Hornafirði er í aðalhlutverki í öllum réttunum og þar á meðal flest sem selt hefur verið í heimamarkaðsbúðinni þar á staðnum.

Halldór hafði safnað myndum og uppskriftum frá árinu 2003 þegar hugmyndin að bókinni kviknaði og hann segir uppskriftirnar hannaðar með tilliti bæði til byrjenda í matargerð og lengra kominna. Myndir af hornfirskri náttúru prýða bókina í bland við girnilegar matarmyndir.

Daníel Imsland sér um umbrot og grafíska vinnslu. Auk þess hafa Guðmundur H. Gunnarsson hjá Matís og Rósa Björk Halldórsdóttir hjá samtökunum Ríki Vatnajökuls lagt fram hugmyndavinnu. Áhugasamir geta haft samband á netfangið halhal@simnet.is.

Heimild/www.rikivatnajokuls.is.

**- gun**



**KOKKURINN** Halldór hefur safnað uppskriftum og myndum í matreiðslubókina frá 2002.
MYND/ÚR EINKASAFNI

ÁSDÍS JENNA ÁSTRÁÐSDÓTTIR: BERST FYRIR NOTENDASTÝRÐRI ÞJÓNUSTU

# Aðstoðar fatlaða til tjáskipta

Athafnakonan Ásdís Jenna Ástráðsdóttir rekur raunar tvö fyrirtæki, annað svolítið sérstakt þar sem það markaði ákveðin tímamót í hennar lífi. Frítíma sínum ver hún með eiginmanninum Kevin Buggle og hundinum Happy.

„Ég rek sjálfa mig eins og fyrirtæki,“ segir Ásdís Jenna og hlær. „Ég fæ það sem hefur verið kallað notendastýrð, persónuleg þjónusta. Í mínu tilfelli þýðir það að ég fæ beingreiðslur frá bæði ríki og sveitarfélagi. Þær nota ég til þess að greiða starfsfólki mínu laun en alls eru inni á mínu heimili sex manns í vinnu á vöktum, einni í einu. Ég er því með þjónustu sem ég get lagað að mínum þörfum allan sólarhringinn. Ég sé sjálf um mannaráðningar, ræð starfsfólk og það hefur komið upp að ég hafi þurft að láta starfsfólk fara. Ég stofnaði fyrirtæki, sem ég nefndi Ástu Sól, til þess að halda utan um þjónustuna, færa bókhald og greiða út launin en reyndar hef ég eina konu sem aðstoðar mig við þetta. Þetta er mikil vinna en alveg þess virði,“ segir Ásdís Jenna, sem er með heilalömun.

Ásdís Jenna, sem áður bjó í íbúðakjarnanum Tjarnarmýri á Seltjarnarnesi, segist hafa öðlast nýtt og sjálfstætt líf. „Á Tjarnarmýri leið mér eins og fanga og átti þar ekkert einkalíf. Ég þurfti að deila allri þjónustu með íbúum, fyrir utan það að ég fékk ekki næga þjónustu. Ég þurfti alltaf að bíða. Ég dinglaði bjöllu sem átti að kalla á þjónustuna og þurfti stundum að bíða í marga klukkutíma. Nú þarf ég ekki að bíða nema nokkrar sekúndur. Ég lifi bara eins og ég væri heilbrigð manneskja. Ég á bíl og ef mig langar að fara út eftir fimm mínútur þá get ég gert það, starfsfólkið mitt keyrir. Samfélagið heftir mig ekki eins mikið og áður.“

Ásdís Jenna fann ástina á netinu. „Hann Kevin minn. Við hittumst fyrst í mars 2008 og svo flutti hann til mín á Tjarnarmýrina. Við giftum okkur síðan í ágúst 2009,“ segir hún og ljómar greinilega enn af hamingju.



**LJÓMAR AF HAMINGJU** Ásdís Jenna ásamt hundinum Happy og þau eru svo sannarlega glöð saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Saman eigum við hundinn Happy, sem við erum með í hundaþjálfun.“

Undir nafninu Ásta Sól reka þau hjónin einnig annan fyrirtækjalegg sem sérhæfir sig í tölvuráðgjöf og tölvuviðgerðum fyrir fatlað fólk. „Nafnið Ásta er í höfuðið á mömmu, Ástu B. Þorsteinsdóttur, en hún er nú látin. Hún barðist mikið fyrir mig og fatlaða. Pabbi, Ástráður B. Hreiðarsson, hefur líka hjálpað mér mikið. Við Kevin störfum bæði við þennan hluta fyrirtækisins. Kevin er mjög fær á tölvur og ég er menntaður táknmálsfræðingur og hef einnig mikla reynslu að skrifa á tölvu með höku og augum. Það er í rauninni mín ástríða að reyna að finna leiðir til tjáskipta fyrir fatlað fólk sem á erfitt með mál eins og ég sjálf. Við bjóðum upp á tölvuráðgjöf og viðgerðir fyrir sanngjarnt verð. Hægt er að finna okkur í símaskránni eða senda póst á asdisjenna@simnet.is.“

Ásdís Jenna er hvergi nærri því að hætta að berjast fyrir réttindamálum fatlaðra. „Ég er eins og mamma og segi alltaf: Ég get allt. Nú er ég í Samtökum um sjálfstætt líf sem berjast fyrir notendastýrðri, persónulegri þjónustu. Ég held áfram og hætti ekki fyrr en þetta er orðið algengt þjónustuform. Ég get allt.“

**- uhj**



†

*Elskulegur bróðir okkar og mágur,*

**Hallberg Sigurjónsson**

Stuðlaseli 2, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju þriðjudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**

| | |
|---|---|
| **Sigurður Sigurjónsson** | **Elísabet Guðmundsdóttir** |
| **Alda Rut Sigurjónsdóttir** | **Ólafur Haraldsson** |



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Jóhann Már Jóhannsson**

Heiðardal 1, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 11. nóvember kl .14.00.

**Ragnhildur B. Svavarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Íris Ósk Jóhannsdóttir** | **Kristján Guðbrandsson** |
| **Helga Dögg Jóhannsdóttir** | |
| **Aron Freyr Kristjánsson** | |
| **María Jóhannesdóttir** | **Jóhann Th. Þórðarson** |
| **Jóhanna Valdís Jóhannsdóttir** | **Ingi Karl Ingibergsson** |
| **Hermann Freyr Jóhannsson** | **Bryndís María Björnsdóttir** |
| **Anna Bergmann Guðbjörnsdóttir** | **Guðmundur Waage** |

# Útivistarrjóður í Grafarholti

Fyrstu útivistarrjóðrin í Grafarholti voru vígð nýlega og þrátt fyrir að veðurguðirnir væru ekki samvinnuþýðir þann daginn létu íbúar Grafarholts og Úlfarsárdals sig ekki vanta í athöfnina sem fram fór við bakka Reynisvatns. Gísli Marteinn Baldursson vatt sér upp á borð og talaði um mikilvægi frumkvæðis frá íbúum og kraftinn sem leysist úr læðingi þegar íbúar og borgarstofnanir vinna saman að verkefnum í nærumhverfinu. Skólabörn úr Sæmundarskóla sungu við undirleik unglinga úr báðum grunnskólum hverfisins og Guðmundur Hrafn Arngrímsson verkefnisstjóri sagði frá vinnunni og aðkomu ungra sjálfboðaliða. Að lokum fengu viðstaddir heitt kakó og kleinur áður en hluti hópsins hélt í göngu um svæðið með útivistarmanninum Höskuldi Jónssyni.

Verkefni sem nefnist Útivist og hreyfing og styrkt er af Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar, gengur út á að skipuleggja fjögur rjóður sem verða áningarstaðir á fallegri gönguleið um nágrenni Reynisvatns. Þar með er reynt að mæta þörfum íbúa fyrir útivist og hreyfingu. Nú eru tvö rjóður tilbúin en vonast er til að verkefnið klárist næsta sumar með dyggum stuðningi borgarinnar.

**- gun**



**Í RJÓÐRI** Gísli Marteinn brá sér upp á borð.

**GLUGGATJÖLD** þurfa hvorki að vera flókin né dýr. Með því að finna falleg viskustykki er til að mynda hægt að útbúa hinar fínustu eldhúsgardínur. Útbúið línu með fallegum hengjum og klemmið svo viskustykkin á línuna með gamaldags þvottaklemmum. Svo er lítið mál að skipta út gardínum eftir árstíðum.






OTTO CHEMIE
Þéttiefni - Límefni

Lím og þéttiefni í úrvali
Tré & gifsskrúfur.
Baðherbergisvörur og höldur.
Glerjunarefni.
Hurðarhúnar og skrár.
Rennihurðajárn.
Hurðarpumpur.
Rafdrifnir hurðaropnarar.
Hert gler eftir máli.

GEZE

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki
HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




„Ólöf, fóstra hans pabba, var vinnukona alla tíð og hennar jarðnesku eigur voru ekki miklar en ég var látin njóta þeirra," segir Ólöf Guðrún.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hillan frá nöfnu fylgdi mér úr foreldrahúsum

**Ólöf Guðrún Helgadóttir, kirkjuvörður í Dómkirkjunni og sminka í Óperunni, á forkunnarfagra útskorna hillu sem hún erfði eftir fóstru föður síns. Hillan er einn af hennar uppáhaldshlutum á heimilinu.**

„Þessi hilla hefur fylgt mér alla tíð frá því að ég fór úr foreldrahúsum og mér þykir óskaplega vænt um hana," segir Ólöf Guðrún, betur þekkt sem Olla Rúna af kunningjum sínum. Hún féllst með semingi á tillögu blaðamanns um að sýna einn af sínum eftirlætis innanstokksmunum.

„Hillan hafði verið í eigu fóstru föður míns, Ólafar Ólafsdóttur, og mamma vildi að ég fengi hana því ég var skírð í höfuðið á þeirri góðu konu," segir hún.

Ekki kveðst Olla Rúna vita frá hverjum Ólöf hafi fengið hilluna né heldur hver listamaðurinn var sem skar hana út. „Það eina sem ég veit er að hún fékk hilluna í afmælisgjöf þegar hún varð 75 ára og að hillan er gerð af einhverjum sem lærði útskurð hjá Ríkarði Jónssyni frá Strýtu við Djúpavog, sem var mikill meistari í þeirri grein."

Nýkomið í einkasölu glæsilegt vandað hesthús með reiðhöll samtals 460 fm við Sörlaskeið. Sérlega rúmgóð lóð, vélmokað hús, 3. gerði. Tvö baðherbergi, studioíbúð, járningaaðstaða, baðaðstaða fyrir hrossin, kaffiaðstaða, ofl. Stór hlaða með tveimur innkeyrsludyrum, reiðhöll. Fullbúin eign í algjörum sérflokki. Frábær staðsetning í hverfnu. Einstakar reiðleiðir. Hesthús sem hentar áhugafólki jafnt sem atvinnufólki. **Upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri í s. 893-2233 eða á skrifstofu s. 520-7500.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

---

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Sumarbústaður á Þingvöllum
**– frábær staðsetning**



Vorum að fá í einkasölu einn allra glæsilegasta sumarbústað sem við höfum fengið á söluskrá. Bústaðurinn er um 100 fm og skiptist m.a. í stofu, borðstofu, 3 herbergi, eldhús, bað o.fl. Vandaðar innréttingar og tæki – allt sem nýtt. Við bústaðinn er stór verönd, útisturta, heitur pottur o.fl. Grunnur að gestahúsi. Bátaskýli. Staðsetning: Einn eftirsóttasti staður við Þingvallavatn (vatnið). Rólegur staður – glæsilegt útsýni.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali.**



Væntanlega kemst geirfuglinn í verðugt skjól.

## Nýtt hús yfir náttúrugripina

Nýjustu tækni verður beitt til að tryggja varðveislu náttúrugripa í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands í nýju húsi hennar á Urriðaholti. Söfnun gripanna nær aftur til ársins 1755 og margir þeirra eru mjög verðmætir og sjaldgæfir.

Áformað er að byggingu hússins verði lokið í október 2010 og þá geti Náttúrufræðistofnun flutt starfsemi sína í Garðabæinn. Aðgengi að öllum náttúrugripum verður gott og einnig rannsóknaraðstaða.

Arkís hannaði hús Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það verður 3.500 fermetrar að stærð og samanstendur af þremur kjörnum sem eru tengdir saman með millibyggingum. Húsið mun standa við Jónasartorg sem heitir eftir Jónasi Hallgrímssyni, einum fyrsta náttúrufræðingi Íslands.

*- gun*



Víðidalstungukirkja. Ein af níu kirkjum sem smíðaðar voru af Halldóri Bjarnasyni.

## Vígsluafmæli kirkjunnar í Víðidalstungu

Haldið var upp á 120 ára afmæli Víðidalstungukirkju í Húnavatnssýslu með hátíðamessu í gær.

Hún var á sínum tíma smíðuð af Halldóri Bjarnasyni, reyndum kirkjusmiði úr Borgarfirði sem samtals reisti sjö kirkjur og lagfærði aðrar níu. Auk þess smíðaði hann áttatíu bæi, fjórtán vatnsmyllur og 302 líkkistur á langri ævi. Kirkjurnar hannaði hann sjálfur.

Víðidalstungukirkja er úr timbri og bygging hennar tafðist nokkuð sökum þess að hafís stöðvaði efnisöflun um tíma. Sá sem dró grjót í grunn hét Kristján Jónsson en Þorsteinn Hjálmarsson í Hvarfi smíðaði alla bolta, vinkla og vindhana og skar gler í glugga.

Sjálf smíði guðshússins hófst í júní 1889 og var kirkjan tilbúin á fimm mánuðum, máluð og fullbúin. Hjörleifur Einarsson prófastur vígði hana 17. nóvember 1889.

Heimild/www.Feykir.is

# Íbúðir aftur byggðar á Höfn í Hornafirði

Fjórum lóðum fyrir íbúðarhús var úthlutað í sumar á Leirusvæðinu á Höfn í Hornafirði og er bygging þess fyrsta hafin. Það eru nýmæli því samkvæmt upplýsingum byggingafulltrúa eru um fimmtán ár frá því að íbúðarhús var byggt á Höfn.

Í fyrra var steypt upp íbúðarhús á Breiðabólsstað í Suðursveit en byggingu þess er ekki lokið. Ný lögreglustöð er í byggingu og lokið er við byggingu löndunarhúss á Óslandsbryggju. Þá hefur verið samþykkt stækkun á þjónustuhúsi við Flosalaug í Svínafelli í Öræfum.

Stærsta framkvæmd síðustu ára í Hornafirði er sundlaugin sem tekin var í notkun í vor en tengibyggingu er ólokið milli hennar og Heppuskóla.

Þetta kemur fram á vefnum www.rikivatnajokuls.is.

*- gun*



Nýtt íbúðarhús er í smíðum á Leirunni á Höfn. MYND/WWW.RIKIVATNAJOKULS.IS




# Greiðslujöfnun íbúðalána

- Lán Íbúðalánasjóðs verða greiðslujöfnuð frá og með 1. desember 2009
- Áætluð lækkun á mánaðarlegri greiðslubyrði er allt að 17%
- Afþakka þarf greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember
- Nánari upplýsingar ásamt tilkynningu um afþökkun er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Múrarar

**Viðgerðir**
Allt almennt húsaviðhald, utan sem innan. Múrverk, flísar og margt fl. S. 847 2209.

## Rafvirkjun







## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is.

## KEYPT & SELT

## Til sölu






Prjónavélagarn til sölu, takmarkaðar birgðir. Uppl. í 662 0560 / 615 1059.

Ný hleðsluhöggborvél 18 V, XRP-3, ný verkfærataska 65 hluta toptul, ásamt toppasetti 45 hluta-3/8", ásamt nýrri 16" 5 gata varafelgu í BMW, allt ónotað, selst með verulegum afsl. Uppl. í s: 5516596 og 8998837




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum frá kl. 9-16.




Öryggis- og peningaskápar.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Óska eftir að kaupa notaða vél fyrir Cadillac Deville árg. '00. S. 697 3832.

Kaupi notaða skartgr, upphlutssilfur. gr hæðsta v. á markaðnum f. gull. Ekki notað f. bræðslu. Borga hátt v. f. jólaskeiðar og ísl.muni. Einnig óskast saumavél. s. 694 5751.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Óska eftir gipsplötuborði notuðu. Uppl. í S: 893 9362 eða 690 1060.

## Verslun







## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osaismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Tailenskt heilsunudd. Joom nuddari, Bolholti 4. S. 892 3899.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

## Snyrting



**Ert þú með þurrar og/eða sprungnar hendur/fætur ?**
**O'Keeffe's viðgerðarkremin eru lausnin. Kremin fást í flestum verslunum Lyfju, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Lyfjaveri Suðurlandsbraut Lyfjavali í Mjódd, Laugarnesapóteki, Snyrtistofunni Laufið í Reykjanesbæ, Snyrtistofan Þema Hafnafirði og Snyrtistofu Grafarvogs.**
**Ís - Undur ehf.**
**www.isundur.is**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum ofl S. 897 5484/897 3327.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553.**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

Sér stúdíóíbúð til leigu. Á friðs. stað. Reglusemi áskilin. S. 847 7596. frá 16.00.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

100 fm. einbýlishús. Nýgegnumtekið í miðbæ Keflavík. 100 þús. á mán. Laust strax. Ath. reyklaust. S. 698 3521, Pálmi.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu í 111 Rvk, 1. hæð, ca. 40 fm. Leigist með öllu + internet á 75.000. Uppl. í s. 820 3880.

Herbergi í neðra Breiðholti til leigu m. aðgangi að snyrtingu. Uppl. í s. 617 7223 & 566 7960.

100 fm 3-4 herb. íbúð í atvinnuh. á Bíldshöfða. Leiga 130 þús. Laus strax. S. 699 0059.

STUDIOÍBÚÐ Mjög falleg 27 fm studio íbúð til leigu á íbúðarhóteli í 105 RVk. Fullbúin húsgögnun og öllum búnaði. Þvottarhús, setustofa. Þráðlaust net. Mikið Útsýni. Uppl. Halldór 824 5054

## Húsnæði óskast

**Heimili óskast**
**Saga Film óskar eftir heimilum til nota við upptöku á sjónvarpsþáttunum Rétti. Allt frá litlum íbúðum upp í stór einbýlishús. Fyrir sanngjarna greiðslu. Nánari upplýsingar í s. 822 2504, eða sveinnvidar@hive.is**

## Fasteignir

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi , 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir hádegi.

## Sumarbústaðir

Bjóðum tilboð á smíði. 48 fm. sumarhús án millilofts. Fullbúin að utan. Fokheld að innan. Áratuga reynsla af timburhúsum. Erum á Suðurlandi. Uppl. í s. 894 0048, Halli & 893 0422, Sveinn. hallihalliparket.is

## Atvinnuhúsnæði

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuligmail.com

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða fólk í dagvinnu. Í boði er hálfsdags og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924 Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Hvað ef...**
**Ef við getum kennt þér að skapa góð mánaðarlaun á tveim mánuðum, er þá ekki þess virði að skoða málið?**
**Sendu nafn og símanúmer á: frelsi@hive.is og við höfum samband.**

Póst húsið

**Keflavík**
Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Vegna aukinna verkefna leitum við eftir aðila í dreifingarverkefni í Keflavík einn til tvo daga í viku. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirtaposthusid.is

## Atvinna óskast

Karlm.(Sjúkraliði) Get tekið að mér ýmis störf. s:8220603 netfang, epliinternet.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

Ertu einhleyp/ur? Langar þig að komast í kynni við konu/karl? Hafðu samband í s. 587 0206 eða trunadursimnet.is

**Tilynningar**

# Menntaskólinn við Hamrahlíð

## www.mh.is

## STÖÐUPRÓF DESEMBER 2009

**Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Mánudaginn 30. nóvember | Kl. 16:00 | Enska (hámark 9 einingar) |
| Þriðjudaginn 1. desember | Kl. 16:00 | Danska (hámark 6 einingar) |
| Miðvikudaginn 2. desember | Kl. 16:00 | Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203, STÆ263). |
| Fimmtudaginn 3. desember | Kl. 16:00 | Franska (hámark 12 einingar)<br>Gríska (hámark 12 einingar)<br>Kínverska (hámark 12 einingar)<br>Litháíska (hámark 12 einingar)<br>Serbneska (hámark 12 einingar)<br>Þýska (hámark 12 einingar) |
| Föstudaginn 4. desember | Kl. 16:00 | Ítalska (hámark 12 einingar)<br>Spænska (hámark 12 einingar)<br>Hollenska (hámark 12 einingar) |
| Laugardaginn 5. desember | Kl. 10:00 | Norska (hámark 6 einingar)<br>Sænska (hámark 6 einingar) |

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans (http://www.mh.is). Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 4000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka og sýna þarf kvittun í prófinu.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar- eða bekkjarprófi.

Rektor.

Menntaskólinn við Hamrahlíð
www.mh.is

# Innritun

Innritun nýrra nemenda í dagskóla fyrir vorönn 2010 lýkur 20. nóvember. Allir umsækjendur eiga að sækja um rafrænt á **www.menntagatt.is**.

Námsbrautir eru félagsfræðabraut, málabraut, listdansbraut, náttúrufræðibraut og alþjóðleg námsbraut (IB) sem lýkur með International Baccalaureate Diploma.

Upplýsingar fást í síma skólans 595 5200 og á heimasíðunni: **www.mh.is**.

Fyrirspurnir um IB nám má senda á netfangið **ibstallari@mh.is.**

Rektor.

# BYLGJAN
# Í FYRSTA SÆTI




**BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI**

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 96,7 GULL BYLGJAN 90,9

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**Atvinna**

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar norskumælandi tæknimann vanan jarðvinnu eða sambærilegum störfum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa góða samstarfshæfni.**

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: magni@magni.is**

# Starfsmenn í Plastdeild

Óskum eftir starfsmanni í Plastdeild (extrusion deild) Plastprents. Í Plastdeild eru framleiddar plastfilmur úr polýetýlen sem notaðar eru til framleiðslu áprentaðra og óáprentaðra umbúða.
Unnið er á þrískiptum vöktum 5 daga vikunnar.
Starfinu getur fylgt töluverð líkamleg áreynsla.

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Grunnkunnátta í íslensku og ensku nauðsynleg.

Ráðið verður í starfið sem fyrst.
Hægt er að sækja um starfið á vefsíðu Plastprents, www.plastprent.is og í afgreiðslu **Plastprents hf** Fosshálsi 17 – 25.

**Plastprent hf.**
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600



**Plastprent hf.** er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í yfir 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins.
Hjá fyrirtækinu starfar 90 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis.
**Plastprent hf.** hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

Námsbraut á meistarastigi

Einnig í fjarnámi
• Fjölmenningarfræði – málefni innflytjenda
-LÁNSHÆFT NÁM

Námsbrautir á grunnstigi

• Gæðastjórnun
• Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
Einnig í fjarnámi
• Rekstar- og viðskiptanám
• Matsfræði
• Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar – fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

Endilega kynntu þér námsbrautirnar

Umsóknarfrestur er til 1. desember nema í Matsfræði og Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar sem er 20. janúar.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar
sími 525 4444
endurmenntun.is


# Töfrandi túnikkur

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar



Skilur eitthvert ykkar þessa fyrirsögn? Það hefði ég ekki heldur gert ef ekki hefði fylgt mynd af fyrirbærinu í litprentuðum auglýsingabæklingi sem fylgdi Fréttablaðinu á föstudaginn og kemur frá barnafataverslun hér í borg. Framan á honum stendur „Gleðileg jól“ og inni í honum eru myndir af glaðlegum börnum í ljómandi fallegum fötum. Ekki er verra að verðið á herlegheitunum fylgir með. Svona á að gera þetta, hugsaði ég með mér og byrjaði að fletta í gegnum dýrðina.

**EN** svo hnaut ég um þetta skrítna orð „túnikka“ og öll athyglin fór í að velta því fyrir mér hvers vegna ósköp venjulegur skokkur eða kjóll heitir allt í einu „túnikka“ og hvers vegna flest allt annað er þýtt í bæklingnum. „Flest allt” skrifa ég því á sömu mynd getur að líta „leggings“ sem einhverju sinni hétu „gammósíur“ og þótt það sé vissulega einkennilegt orð er að minnsta kosti hægt að fallbeygja það og kasta á það kyni. Svo birtist þarna líka hneppt peysa sem er nefnd „bóleró“. Og hvað segiði, ætlið þið að klæða dætur ykkar í „túnikku“ og „leggings“ þessi jólin og láta þær síðan vera í góðu „bóleró“ yfir?

**ORÐSKRÍPIÐ** „túnikka“ er eflaust dregið af enska orðinu „tunic“ sem þýðir „kyrtill“ eða „mussa“. Ef þetta eru ekki nógu fín orð mætti draga fram orðið „skyrta“. Best er þó að horfa á myndina og velta því fyrir sér hvað hún sýnir. Ég hef lengi velt því fyrir mér hvers vegna það virðist vera svo erfitt að skrifa um tísku og förðun á íslensku. Hvers vegna „hyljari“ verður svona auðveldlega að „konsíler“ hjá Karli Berndsen, manni sem tókst þó að kenna þjóðinni að segja „aðhaldsbuxur“, sem er svona álíka þjált orð og það er þægilegt að troða sér í þær.

**ÞEGAR** skrifað er um tísku verða áratugirnir skyndilega líka of flóknir og þá er gripið til letidýranna „sixtís“ og „seventís“. Inga Rún Sigurðardóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, hefur þó glatt mann með vönduðum tískuskrifum þar sem til að mynda „ósymmetrískir“ kjólar fá að víkja fyrir þeim „ósamhverfu“. Jólin ganga út á hefðir. Þess vegna drekkum við malt og appelsín og hlustum á Þrjú á palli syngja „Hátíð fer að höndum ein“. Orð eins og „jólakjóll“ eða „skokkur“ vekja fallegar minningar í hugum margra og gætu orðið til þess að galvösk móðir teymdi dóttur sína í búðir. Með öðrum orðum þá getur barnafataverslun orðið fyrir búhnykk að nota orðið „túnikk“. Neytandinn verður einfaldlega að skilja það sem við hann er sagt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Bókmenntir ★★

**Himinninn yfir Þingvöllum**

Smásögur eftir Steinar Braga



**Mál og menning 2009, 299 bls.**

## Svartur himinn

Víst er Steinar Bragi staddur á stað sem íslensk skáld sækja ekki, utan við landakortið, býr á eyju utan við landhelgi Rithöfundasambandsins? Það þarf lítið að þrefa um rithæfni hans í spunalöngum sögum, hér eru þær þrjár, þar sem einstaklingur, einn eða fleiri, ánetjast í hversdagslegu umhverfi einhverju illu afli sem er handan skilvitlegs lífs: nóttina smjúga smádjöflar, eins og segir í kvæðinu. Hér setjast þeir upp á óreynda og vitgranna bjána sem grunlausir ánetjast illskunni. Höfundur þenur skáldstrengi í ómstríðu sköpunarverkinu, það þýtur úr honum hugkvæmnin svo lesanda sundlar ef hann á annað borð nennir að lesa, sem ég veit ekki hvort maður nennti nema fyrir kaup. Alveg satt. Stundum verður texti Steinars eins og afar nákvæmur manúall við tæki sem á að meiða einhvern úr fægðu stáli sem má spenna upp í skilvitunum og skáldið ölvast af óhugnaði og heldur áfram og áfram. Og vitandi að Steinar á þá ónotaðan hluta af nótnaborðinu má spyrja hví hann hamast svona mikið á sömu nótunum. Þetta þriggja sagna safn er á köflum furðulegt og víða áberandi þreytandi og leiðinlegt.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Er Steinar út úr kortinu eða snýst hann í hringi á sama stað?

Bókmenntir ★★

**Bókasafn Ömmu Huldar**

Skáldsaga með myndum eftir Þórarin Leifsson



**Mál og menning 2009, 216 bls.**

## Tröll hafi þig

Þórarinn Leifsson átti snarpa innkomu á markað fyrir tveimur árum með mannætusögu sinni af föður og fjölskyldu hans. Þar var hugmyndaríkum huga hleypt á lendur fjölskyldunnar, talandi var mælskur og fullur af fjöri. Er nú framhaldið í framtíðarhrylli sem er skekkt ýkt mynd af óhugnaði bankasamfélagsins þar sem vondi kallinn er samsettur af Davíð Oddssyni og Ólafi Ragnari og er gaman að sjá þá frændur brædda í eitt mót. Heimurinn er lengra kominn en okkar í þróun sinni og auðvaldsþjónkun, en á jaðrinum lafa þeir sem komast ekki í betri sæti á kringlunni sem er á hraðferð um geiminn. Þórarni hefur verið líkt við Roald Dahl, óttalaus inklúderar hann ógn og viðbjóð í sögusniðið. Börn eru sólgin í hrylling sem hleypir fjöri í blóðið. Í þeim skilningi er Þórarinn enn barn. Hann er ekki eins kaldlyndur og Roald, gaman hans er góðlegra. Frásögn hans er fjörmikil enn, dálitið óreiðukennd og fer hratt fram. Mínum lesanda þótti bókin „weird“ eins og hann sagði. Sjálfum þótti mér hún full kaotísk, en skemmtileg er hún víða og óhamin í andanum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Nýr áfangi fyrir ungan höfund sem er líklegur til að halda áfram óhræddur um mikilvæg lönd furðu og kunnugleika.

Bókmenntir ★★

**Ég og þú**

Skáldsaga eftir Jónínu Leósdóttur

**Vaka Helgafell 2009, 205 bls.**

## Ástfangnar í menntó



Jónína Leósdóttir hefur sent frá sér þriðju og síðustu bókina í röð um þær stöllur Önnu og Kötu, þær fyrri eru Kossar og ólífur og Svart og hvítt. Eins og tíðkast í prinsessusögum af þessu tagi ná þær sér báðar í kærasta, önnur litaðan og hin stelpu, bæði útlendinga. Sagan lýsir þannig tvenns konar tilfinningalegu uppgjöri, sjálfstæðisyfirlýsingu, reyndar í umhverfi sem er frekar líbó. Þetta eru því sættandi bókmenntir, valhópur útgefanda og höfundar eru unglingsstúlkur enda veitir þeim hópi ekki af huggunarbókmenntum eins og hann er leikinn af vitundariðnaði skemmtistjóra og fata- og meikframleiðenda. Jónína skrifar sléttan og átakalítinn stíl sem sækir mest í sápur, hversdagslegt fjas um allt og ekkert, umhverfislýsingar eru rýrar, helst staldrað við klæðaburð ungu stúlknanna. Hann er svolítið náttúrulaus, jafnvel í kynlífslýsingum, hið líkamlega sem ætti að vera ósandi um fólk á þessum aldri er teprulega fjarri. Girndin er klædd í sellófan í þessum heimi, enda væri slíkt of ögrandi í hinum settlega heimi bókmennta á borð við þessar. En Jónína gerir allt fallega innan þessara marka á þeim fleti sem hún vill sýna og lesendur hennar vilja líklega sjá ef marka má iðnaðarbókmenntir fyrir sama aldurshóp sem er ugglaust nokkru yngri en söguhetjurnar. Frelsisboðunin sem er erindið er því takmörkuð og ekki ögrandi.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Settleg afþreying fyrir unglinga, stúlkur ... og pilta.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 9. nóvember 2009**

### → Listahátíð

**Unglist**, listahátíð ungs fólks, stendur til 14. nóvember. Ókeypis er á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.hitthusid.is.

**20.00** Kvartettinn **Esja** flytur píanókvartett Brahms no. 3 í c moll.

### → Upplestur

**Bæjarlistamaður Seltjarnarness, Ragnheiður Steindórsdóttir** leikkona, les upp á Bókasafni Seltjarnarness í Eiðistorgi.



**17.00** Upplestur fyrir yngri börn.

**17.45** Upplestur fyrir unglinga.

**18.00** Upplestur fyrir fullorðna.

### → Hannyrðir

**UNIFEM** stendur fyrir föndurkvöldi í **Miðstöð Sameinuðu þjóðanna** við Laugaveg 42, 2. hæð. **Lay Low** og **Trúbatrixur** gefa tóninn og kennd verður fiðrildagerð úr þæfri ull. Allir velkomir. Nánari upplýsingar á www.unifem.is.



**> HÆTT AÐ REYKJA**

**Kate Hudson** er hætt að reykja. Eða svo fullyrða bandarískir fjölmiðlar. Og hefur snúið sér að því að borða góðan mat og dansa salsa með nýja kærastanum Alex Rodriguez, fyrrverandi elskhuga Madonnu.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Krakkarnir sjúkir í Faðirvorið

Tannlæknirinn og lagahöfundurinn Heimir Sindrason hefur sent frá sér hina hugljúfu plötu Ást og tregi. Ellefu ár eru liðin síðan síðasta plata hans kom út.

„Ég gef út álíka oft og Hekla gýs. Ég vona að þetta hafi ekki í för með sér að hún gjósi,“ segir Heimir og hlær. Margir af bestu söngvurum þjóðarinnar þenja raddböndin á plötunni, þar á meðal Diddú, Egill Ólafsson og Stefán Hilmarsson. Yngri söngvarar á borð við Klöru í Nylon og Edgar Smára koma einnig við sögu. Þau syngja lög sem tóku þátt í undankeppni Eurovision-hér á landi fyrr á árinu, The Kiss We Never Kissed og Cobwebs.

Einnig eru á plötunni þrjú lög sem Heimir samdi fyrir brúðkaup barnanna sinna auk þess sem lag hans við sjálft Faðirvorið bindur endahnútinn á plötuna. „Ég var að svæfa barnabörnin mín og vantaði lag við þessa bæn, þannig að ég raulaði þetta á miðri nóttu,“ segir Heimir og vonast til að lagið eigi eftir að festa sig í sessi í framtíðinni. „Allir krakkar sem heyra þetta lag eru sjúkir í það og þá er tilganginum náð. Mig langaði fyrst og fremst að gera þetta lag aðgengilegt fyrir krakka.“

Heimir sló í gegn á sjöunda áratugnum í dúettnum Heimir og Jónas og samdi Heimir þá hið gríðarvinsæla lag við ljóðið Hótel jörð. Síðan þá hefur hann einbeitt sér að tannlækningunum þó svo að tónlistargyðjan hafi aldrei verið langt undan, eins og sannast með nýju plötunni. **- fb**



**HEIMIR SINDRASON** Lagahöfundurinn snjalli hefur sent frá sér plötuna Ást og tregi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Yfirgefinn Caine

**Michael Caine upplýsir í viðtali við Esquire-tímaritið að allir vinir hans hafi yfirgefið sig þegar hann ákvað að gerast leikari. Ástæðan var einföld; hann hafði einfaldlega ekki efni á því að kaupa drykki á barnum.**

**Caine, sem nú er orðinn það ríkur af leiklistinni að hann gæti keypt sér sinn eigin bar, segir að fyrstu árin sín sem leikari hafi verið erfið. „Ég var hálfatvinnulaus og átti engan pening. Slíkir menn eru yfirleitt mjög einmana.“**



**MICHAEL CAINE**

# Steven Tyler yfirgefur Aerosmith

**Steven Tyler, söngvari Aerosmith, yfirgaf sveitina á tónleikum í Abu Dhabi fyrir tæpum mánuði. Hann er sagður hættur öllu rokkstússi.**

Hljómsveitin var að spila í Abu Dhabi fyrir um mánuði og eftir að ellismellirnir höfðu lokið sér af lét Tyler sig hverfa upp í flugvél og hefur hvorki talað við kóng né prest síðan þá. Gítarleikari hljómsveitarinnar og hennar helsti lagasmiður, Joe Perry, segir í samtali við Las Vegas Sun að hann búist ekki við því að Tyler snúi aftur. „Hann er hættur en ég veit ekkert meira. Ég kom frá Abu Dhabi fyrir tveimur dögum og las á netinu að Tyler hygðist segja skilið við okkur,“ segir Perry.

Perry heldur því jafnframt fram að söngvarinn svari hvorki í síma né neinum skilaboðum frá öðrum hljómsveitarmeðlimum þannig að þeir standi í raun á gati hvað þetta varðar. „Hann hefur hvorki sett sig í samband við mig né hina meðlimi Aerosmith til að ræða þessa hluti. Hann er reyndar frægur fyrir svona stæla og ég hef bara lært að lifa með þeim,“ útskýrir Perry í viðtalinu við Las Vegas Sun.

Perry segir Tyler augljóslega hafa misst áhugann, hann hafi ekki gefið sig allan í verkefni sveitarinnar og þetta sé niðurstaðan. „Hann var greinilega búinn að hugsa um þetta í mjög langan tíma. Mér þykir enn vænt um hann sem manneskju, allavega þá manneskju sem ég þekkti einu sinni, en mér þykir það jafnframt lélegt að láta okkur lesa um þetta á netinu.“ Perry tekur reyndar skýrt fram í viðtalinu að sveitin sé hvergi nærri hætt, með brotthvarfi Tylers geti hún fundið nýjan og betri hljóm. **fgg@frettabladid.is**



**BRESTIR Í SVEITINNI** Steven Tyler er hættur í Aerosmith og hefur hvorki talað við kóng né prest um brotthvarf sitt. Aðrir liðsmenn sveitarinnar lásu um þessa ákvörðun Tylers á netinu.




Hinn eini sanni
RISA
ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
MARKAÐUR
er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi
Opið alla daga
frá kl. 12 - 18
Útsöluvörur frá
STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
SKECHERS




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| FAME | kl. 3:50 - 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| DESEMBER LÚXUS | kl. 4 - 6 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |




# Kvenfélag stimplaði bækur

„Við stimpluðum bara eins og vindurinn. Tvö þúsund bækur á 55 mínútum," segir Guðrún Vilmundardóttir hjá bókaútgáfunni Bjarti. Þau mistök urðu við gerð titilsíðu bandarísku bókarinnar Bókmennta- og kartöflufélagið, sem Bjartur gefur út fyrir þessi jól, að þar láðist að geta höfundanna og þýðandans. Mistökin komu ekki í ljós fyrr en búið var að prenta bókina og kostaði þetta mikinn taugatitring í höfuðstöðvum Bjarts. Til að redda málunum brá Guðrún á það ráð að hóa í vinkonur sínar í Kvenfélaginu Ung og aðlaðandi og fá þær til að aðstoða við að stimpla nöfn höfundanna inn í bókina áður en hún var sett í plast.



**KVENFÉLAG STIMPLAR** Guðrún (lengst til hægri) og vinkonur hennar í Ung og aðlaðandi önnum kafnar við stimplunina í prentsmiðjunni Odda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það vill þannig til að bókin er sögð í bréfaskriftum. Þá áttaði hönnuðurinn sig á því að hann á svona stimpil og hann hannaði nafn þýðanda og höfunda í gamaldags póststimpil," segir Guðrún, hæstánægð með reddinguna. „Þá má segja með góðum hug að stimpillinn hreinlega fullkomni hönnunina."

Kvenfélagið Ung og aðlaðandi er skipað gömlum skólafélögum úr MR og er Guðrún ein þeirra. Á hverju ári halda þær glæsilega árshátíð og einnig senda þær áramóta- og nýárskveðjur til landsmanna í útvarpinu. Sömuleiðis hafa þær safnað fyrir brunni í Afríku og núna hefur bókaútgáfa bæst við afrekaskrána. „Kvenfélagsandinn blífur," segir Guðrún. „Hver kona ætti að vera í minnst einu kvenfélagi." - fb

# Rímaði við andrúmsloftið

**Snorri Björnsson, fimmtán ára áhugaljósmyndari, á vetrarljósmyndina sem prýðir umslag sólóplötu Stefáns Hilmarssonar, Húm (söngvar um ástina og lífið), sem er væntanleg í búðir.**



**STEFÁN OG SNORRI** Stefán og Snorri í Smárabíói þar sem boðið var upp á forhlustun á nýju plötunni í sjálfum lúxussalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefán, sem er kunningi fjölskyldu Snorra, kom auga á myndina á ljósmyndasíðunni Flickr og heillaðist undir eins af henni. „Hún rímaði svolítið vel við andrúmsloftið sem er á plötunni," segir hann.

Fyrir síðustu jól efndi Fréttablaðið til könnunar um besta og versta plötuumslagið og var umslag jólaplötu Stefáns, Ein handa þér, valið það versta. „Mitt þótti ekkert sérstaklega frumlegt," rifjar Stefán upp og hlær. Hann vill ekki meina að slæmu dómarnir hafi fengið hann til að feta nýjar slóðir fyrir þessi jól. „Ég get ekki sagt að það hafi haft úrslitaáhrif. Platan er í rólegri kantinum en samt eru þetta engar vögguvísur. Svo er farið að rökkva á þessum tíma og ég var búinn að ákveða fyrirfram að platan ætti að heita annaðhvort Húm eða Rökkur," segir hann. „Svo varð þessi mynd á vegi mínum og ég talaði við Snorra og hann var alveg til í að lána mér hana."

En gerir hann sér von um sigur í næstu Fréttablaðskönnun? „Ég geri mér engar vonir um það en við sjáum bara hvað setur. Ég er bara ánægður með þessa mynd og ekki síður ánægður með plötuna." Stefán byrjaði að undirbúa hana í fyrra áður en hann réðst í gerð jólaplötunnar. Á þessu ári byrjaði hann að safna til sín lögum og leitaði til helstu lagasmiða þjóðarinnar, þar á meðal Gunnars Þórðarsonar, Magnúsar Þórs Sigmundssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar. „Ég var með 35 til 40 laga bunka sem ég vann úr. Útgangspunkturinn var að þetta yrðu frábær lög hvert og eitt og mér finnst það hafa tekist, en auðvitað þykir hverjum sinn fugl fagur." Stefán er sjálfur aðaltextahöfundur plötunnar auk þess sem Jóhann G., Aðalsteinn Ásbjörn Sigurðsson og Friðrik Sturluson koma þar við sögu. freyr@frettabladid.is




**UMSLAGIÐ** Vetrarmynd eftir Snorra Björnsson prýðir umslag nýjustu plötu Stefáns Hilmarssonar.





Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.


BIÐIN ER Á ENDA!
SALAN HEFST KLUKKAN 21:59 - Í KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI, AKUREYRI
Í KVÖLD!
ORKA
KRAFTMEIRI ORKUDRYKKUR
Ofurskammtur af Orku fylgir á meðan birgðir endast!
XBOX 360
CALL OF DUTY MODERN WARFARE 2
PLAYSTATION 3
PC DVD
ACTIVISION
!!!
Tveir heppnir sem versla leikinn í kvöld geta spilað ókeypis tölvuleiki í heilt ár í boði Gamestöðvarinnar.*
*Miðast við að spila 1 leik í viku!
TURNING POINT FALL OF LIBERTY
Skilaðu 4 PS3 leikjum og þú færð leikinn á 5.999,-
CALL OF DUTY 4 MODERN WARFARE
100% meira
Skilaðu Call of Duty 4 Modern Warfare og þú færð 100% meira í kvöld fyrir hann*.
NÝTT í Gamestöðinni!
TRYGGÐU ÞÍNA FJÁRFESTINGU!
10 Sólahringar
Kláraðu leikinn á 10 dögum og fáðu 50% endurgreitt þegar þú skilar honum*
*gegn framvísun kassakvittunar færðu útgefna inneignarnótu.
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA
SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN
1 KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2 SKIPTU ÞEIM UPP Í...
3 KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!
KRINGLAN & GLERÁRTORGI AKUREYRI · 553 0377

## > Ragna tvöfaldur meistari

Ragna Ingólfsdóttir fagnaði tvöföldum sigri á Iceland International, alþjóðlegu badmintonmóti sem fór fram hér í landi um helgina. Hún bar sigur úr býtum í einliðaleik og tvíliðaleik kvenna. Hún hafði betur gegn Camillu Overgaard frá Danmörku í úrslitaviðureigninni í einliðaleiknum, 2-1. Ragna og Snjólaug Jóhannsdóttir mættu Brynju Pétursdóttur og Erlu Björgu Hafsteinsdóttur og unnu, 2-0. Cristian Lind frá Danmörku vann í einliðaleik karla.



**sport**

sport@frettabladid.is

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR: TÍMABILINU Í SVÍÞJÓÐ LAUK UM HELGINA

# *Er ánægð hér en mun skoða mín mál*

Tímabilinu í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu kvenna lauk um helgina. Íslendingaliðið Kristianstad lauk tímabilinu með 5-2 sigri á botnliði Stattena. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö mörk í leiknum og Erla Steina Arnardóttir eitt. Guðný Björk Óðinsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir léku þó allan leikinn fyrir Kristianstad, sem fékk alls átján stig í deildinni.

Samningur Margétar Láru rennur út á næstunni og sagði hún óljóst hvað tæki við hjá henni. „Tímabilinu er auðvitað bara nýlokið. En mér standa einhverjir möguleikar til boða. Mér líður þó vel hér og get vel séð fyrir mér að halda áfram hjá Kristianstad," sagði Margrét Lára og útilokaði ekki að til greina kæmi að spila utan Svíþjóðar. Hún á þó von á því að Elísabet Gunnarsdóttir verði áfram þjálfari liðsins.

„Mér finnst það mjög líklegt þótt ég viti svo sem ekkert um það. Það virðast þó allir mjög ánægðir með hennar störf, bæði leikmenn og stjórnarmenn. Því kæmi mér það mjög á óvart ef hún fengi ekki nýjan samning."

Tímabilið byrjaði mjög rólega hjá Kristiastad. Liðið vann ekki sinn fyrsta leik fyrr en í elleftu umferð en þá komu tveir sigurleikir í röð. Liðið tapaði þó fáum leikjum með miklum mun og vann nokkra leiki gegn liðum í efri hluta deildarinnar.

„Beta er búin að gera frábæra hluti með þetta lið. Það tekur auðvitað tíma að koma sínum áherslum að en það sást vel í lok tímabilsins hversu vel liðið var að spila. Við vorum líka að skora mikið af mörkum, sem var virkilega gaman. Við þurfum samt að bæta okkur og bæta við okkur leikmönnum fyrir næsta tímabil ef liðið ætlar að ná sínum markmiðum fyrir næsta ár," sagði Margrét Lára.

Hólmfríður Magnúsdóttir er nú á leið frá félaginu þar sem hún mun spila í Bandaríkjunum á næstu leiktíð en óvíst er með hina Íslendingana.

„Það er búið að vera mjög gaman að fá að spila með íslensku stelpunum og það er allt til fyrirmyndar hjá þessu félagi. Það kemur vel til greina að halda áfram en maður veit aldrei hvað gerist í boltanum."





**DAVID HAYE** Kjaftaskurinn Haye stóð við stóru orðin um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Haye vann Valuev:

## Klitschko til í að mæta Haye

**HNEFALEIKAR** Vitali Klitschko er reiðubúinn að takast á við David Haye á næsta ári en sá síðarnefndi varð um helgina WBA-heimsmeistari í þungavigt eftir sigur á hinum risavaxna Nikolay Valuev.

Bardaginn var reyndar lítið fyrir augað en Haye spilaði mjög vel úr sínum spilum og hlaut á endanum hærri stigagjöf dómara.

Klitschko er núverandi WBC-heimsmeistari í þungavigt og er reiðubúinn að leggja beltið undir gegn Haye.

„Það er mjög erfitt að segja nokkuð um hvað gerist í framtíðinni því Haye er afar óútreiknanlegur. En ég er til í að berjast við hann hvenær sem er," sagði Vitali.

Báðir þurfa þó að verja titla sína fyrst. Klitschko mætir Kevin Johnson hinn 12. desember og Haye er skylt að berjast næst við John Ruiz vilji hann halda titlinum sínum. - esá

Auðunn Jónsson:

## Silfur á HM

**KRAFTLYFTINGAR Auðunn Jónsson vann til silfurverðlauna í réttstöðulyftu á heimsmeistaramóti Alþjóða kraftlyftingasambandsins, IPF, sem haldið var á Indlandi um helgina. Auðunn lyfti 355 kílóum í sinni bestu lyftu og setti þar með Íslandsmet í yfirþungavigt.** - esá

# Taplausir Haukar á toppinn

**Haukar höfðu betur í Hafnarfjarðarslagnum gegn FH í N1-deild karla í gær. FH-ingar gáfu eftir í seinni hálfleik eftir að hafa komist mest fjórum mörkum yfir.**

**HANDBOLTI** Haukar eru enn taplausir eftir fyrstu fjóra leiki sína í N1-deild karla en í gær höfðu þeir betur gegn grönnum sínum í FH á heimavelli, 29-25. FH var einnig taplaust fyrir leikinn en með sigrinum komu Haukar sér á topp deildarinnar með sjö stig, einu meira en Valur.

FH-ingar voru þó mun grimmari í byrjun leiksins og alveg þar til í upphafi síðari hálfleiks. Þeir voru mun ákveðnari í öllum sínum sóknaraðgerðum og ávallt skrefinu á undan.

FH komst á gott skrið í lok fyrri hálfleiksins og var yfir í leikhléi, 14-11. Liðið hélt uppteknum hætti í upphafi síðari hálfleiks og kom sér í fjögurra marka forystu, 16-12, á fyrstu mínútunum.

Pálmar Pétursson fór mikinn í marki FH-inga á þessum leikkafla og þeir Bjarni Fritzson og Ólafur Guðmundsson fóru fyrir liðinu í sókninni. Liðið lék einnig glimrandi góða vörn.

En á tíu mínútna kafla snemma í síðari hálfleik snerist leikurinn algerlega við. Vörn Haukanna small vel saman og þeir Björgvin Hólmgeirsson, Sigurbergur Sveinsson og hinn eldfljóti Freyr Bjarnason fóru á fullt. Haukar skoruðu sjö mörk gegn aðeins einu marki FH á þessum kafla og komust yfir, 19-17.

FH-ingar reyndu að halda í við Haukana en Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, hrökk í gírinn og fór að verja nánast allt sem á markið kom. Heimamenn sigu fram úr og unnu fjögurra marka sigur sem fyrr segir.

„Við vorum einfaldlega lengi í gang," sagði Birkir Ívar eftir leikinn. „Kannski ég sérstaklega," bætti hann við og hló. „Stundum nægir að verja síðustu tíu mínútur leiksins og það dugði í dag."

Hann sagði þó aðalatriðið vera stigin tvö sem Haukar unnu sér inn í gær. „Það er liðið sem fær stigin – ekki einstaklingarnir. Það skiptir því minna máli hver spilar vel og hver illa. Það var einnig mjög sætt að ná að vinna sterkt lið FH."

Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, gat ekki komið auga á hvað olli því að hans menn misstu tökin á leiknum. „Leikurinn hrundi síðustu 25 mínúturnar. Þá byrjuðum við allt í einu að henda boltanum frá okkur hvað eftir annað og í kjölfarið fengum við mörg hraðaupphlaupsmörk á okkur. Þeir slógu okkur algerlega út af laginu. Ég veit ekki af hverju þetta gerðist og það er nokkuð sem ég mun skoða."

Hann sagði þó að leikmenn og þjálfarar myndu ekki örvænta þrátt fyrir tapið. „Við vissum áður en tímabilið hófst að við myndum tapa einhverjum leikjum. Enda labbar maður ekki upp á Ásvelli og hirðir tvö stig með vinstri. Við munum vinna áfram í okkar leik enda stefnum við að því vera best-ir í apríl og maí," sagði Einar.

Birkir Ívar var ánægður með gengi Haukanna í haust. „Frammistaðan í fyrstu leikjunum hefði mátt vera betri en það má ekki gleyma því að við misstum marga leikmenn í sumar og það tekur tíma fyrir nýja menn að venjast nýjum liðum. En ég held að þetta sé allt á réttri leið, bæði í vörn og sókn." eirikur@frettabladid.is



**KLESSTUR** Pétur Pálsson fær hér óblíðar móttökur hjá varnarmönnum FH í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla*

**Haukar - FH** **29-26**

**Mörk Hauka (skot)**: Freyr Brynjarsson 8 (10), Björgvin Hólmgeirsson 8 (14), Sigurbergur Sveinsson 7/4 (15/4), Einar Örn Jónsson 2 (2), Pétur Pálsson 2 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 1 (3), Elías Már Halldórsson 1 (4), Tjörvi Þorgeirsson (1), Gunnar Berg Viktorsson (1).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 13 (39/1, 33%).
**Hraðaupphlaup**: 6 (Freyr 5, Sigurbergur 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Pétur 2, Björgvin 2).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Mörk FH (skot)**: Ólafur A. Guðmundsson 7 (12), Bjarni Fritzson 6/1 (10/1), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (4), Ólafur Gústafsson 4 (8), Ásbjörn Friðriksson 2 (3), Örn Ingi Bjarkason 1 (4), Benedikt Kristinsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1).
**Varin skot**: Pálmar Pétursson 16 (41/2, 39%), Daníel Freyr Andrésson 2 (6/2, 33%).
**Hraðaupphlaup**: 5 (Bjarni 2, Jón 2, Sigurgeir 1).
**Fiskuð víti**: 1 (Benedikt 1).
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Dómarar**: Anton Pálsson og Hlynur Leifsson, áttu ágætan dag.

### *N1-deild kvenna*

**Haukar - Fram** **24-27**

**Mörk Hauka (skot)**: Ramune Pekarskyte 8 (12), Hanna G. Stefánsdóttir 8/3 (13/4), Nína B. Arnfinnsdóttir 2 (2), Erna Þráinsdóttir 2 (3), Karen Helga Sigurjónsdóttir 2 (3), Nína K. Björnsdóttir 1 (4), Ester Óskarsdóttir 1 (7).
**Varin skot**: Heiða Ingólfsdóttir 18/1 (45/3, 40%)
**Hraðaupphlaup**: 6 (Hanna G. 3, Ramune 2, Karen Helga 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Nína B. 2, Ester 1, Nína K. 1).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Mörk Fram (skot)**: Stella Sigurðardóttir 10/1 (19/2), Karen Knútsdóttir 5/1 (7/1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 4 (4), Pavla Nevalirova 3 (7), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3 (4), Hildur Þorgeirsdóttir 1 (8), Marthe Sördal 1 (1).
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 15/1 (39/4, 38%).
**Hraðaupphlaup**: 10 (Stella 3, Ásta Birna 3, Guðrún Þóra 2, Karen 2).
**Fiskuð víti**: 3 (Guðrún 1, Ásta Birna 1, Pavla 1).
**Utan vallar**: 6 mínútur.

**Fylkir - HK** **32-16**
**FH - Valur** **16-25**
**KA/Þór - Stjarnan** **19-32**

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **5** | **5** | **0** | **0** | **160-87** | **10** |
| Stjarnan | 6 | 5 | 0 | 1 | 188-134 | 10 |
| **Fram** | **5** | **4** | **0** | **1** | **153-105** | **8** |
| Haukar | 5 | 3 | 0 | 2 | 141-129 | 6 |
| **FH** | **5** | **3** | **0** | **2** | **138-132** | **6** |
| Fylkir | 5 | 3 | 0 | 2 | 134-102 | 6 |


LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
Margir litir í boði – Frábær verð í gangi

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00



www.lur.is

# Forvarnir og lífsstíll

Ráðstefna fyrir fagfólk og almenning

**13.-14. nóvember 2009**



Sérstakur gestur ráðstefnunnar verður
Nóbelsverðlaunahafi í læknisfræði
**Dr. Louis Ignarro**, prófessor í lyfjafræði


Sigmundur Guðbjarnason


Inga Þórsdóttir


Gunnar Sigurðsson


Erlingur Johannesson


Þórólfur Þórlindsson


Jón Gunnlaugur Jonasson


Jón Óttar Ragnarsson


Sigfús Þór Elíasson


Janus Guðlaugsson


Jóhanna Vilhjálmsdóttir

## FÖSTUDAGUR

**1. HLUTI SJÚKDÓMAR: 9.00-12.30**
*Fundarstjóri: Inga Þórsdóttir*

09.00-09.10 Ráðstefnan sett. *Jón Óttar Ragnarsson*
09.10-09.20 Ávarp ráðherra
09.20-09.45 Offita barna. *Erlingur Jóhannsson*
09.45-10.10 Offita fullorðinna & sykursýki. *Gunnar Sigurðsson*
10.10-10.35 Hjarta- & æðasjúkdómar. *Thor Aspelund*

10.35-10.50 Kaffihlé

10.50-11.15 Heilabilunarsjúkdómar. *Björn Einarsson*
11.15-11.40 Krabbamein. *Jón Gunnlaugur Jónasson*
11.40-12.05 Meltingarsjúkdómar. *Bjarni Þjóðleifsson*
12.05-12.30 Stoðkerfisvandamál & beinvernd. *Björn Guðbjörnsson*

12.30-13.00 Matarhlé

**2. HLUTI ÁHÆTTUÞÆTTIR: 13.00-17.10**
*Fundarstjóri: Halla Skúladóttir*

13.00-14.00 Nitric Oxide and Heart Disease. *Louis Ignarro*
14.00-14.25 Næring. *Jón Óttar Ragnarsson*
14.25-14.50 Hreyfing. Janus Guðlaugsson
14.50-15.15 Reykingar & lungnasjúkdómar. *Þórarinn Gíslason*
15.15-15.30 Kaffihlé
15.30-15.55 Lífsstíll. *Þórólfur Þórlindsson*
15.55-16.20 Streita, geðheilsa & forvarnir. *Högni Óskarsson*
16.20-16.45 Aukaverkanir lyfja. *Magnús Karl Magnússon*
16.45-17.10 Tannheilsa & forvarnir. *Sigfús Þór Elíasson*

## LAUGARDAGUR

**3. HLUTI MÁLSTOFUR: 10.00-12.30**

**Málstofa A** Efnaumhverfi Íslendinga
*Fundarstjóri: Sturla B. Johnsen*

a. Mataræði Íslendinga. *Inga Þórsdóttir*
b. Snefilsteinefni í íslenskum jarðvegi & matvælum. *Laufey Steingrimsdóttir*
c. Efnainnihald íslenskra matvæla. *Ólafur Reykdal*
d. Matvælaeftirlit á Íslandi í dag. *Jón Gíslason*
e. Eiturefni í íslensku umhverfi & matvælum. *Helga Gunnlaugsdóttir*
f. Sýkla- & hormónalyf í íslenskum matvælum. *Sigurður Örn Hansson*

**Málstofa B** Framleiðsla & þróun á Íslandi
*Fundarstjóri: Sjöfn Sigurgísladóttir*

a. Lífefnavinnsla & hollustuefni úr íslensku lífríki. *Hörður G. Kristinsson*
b. Virk lyfjaefni úr íslenskri náttúru. *Elín Soffía Ólafsdóttir*
c. Erfðatækni í landbúnaði. *Einar Mäntylä*
d. Jarð- & ylrækt. *Magnús Á. Ágústsson*
e. Fiskeldi & ómega-3. *Jón Árnason*
f . Ísland sem heilsuparadís. *Grímur Sæmundsen*

12.30-13.00 Matarhlé

**4. HLUTI STEFNUMÓTUN: 13.00-14.30**
*Fundarstjóri: Guðmundur Þorgeirsson*

13.00-13.30 Breyttar áherslur í heilbrigðiskerfinu. *Vilmundur Guðnason*
13.30-14.00 Forvarnir, heilbrigði & sparnaður. *Tinna Laufey Ásgeirsdóttir*
14.00-14.30 Framtíðaráskorun. *Sigmundur Guðbjarnason*

14.30-14.45 Kaffihlé.

**5. HLUTI PALLBORÐSUMRÆÐUR: 14.45-17.00**
*Umræðustjóri: Jóhanna Vilhjálmsdóttir*

Skráning er hafin á www.pressan.is/forvarnir

LYSI actavis

Forvarnir og lífsstíll
ráðstefna fyrir fagfólk og almenning

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Aston Villa - Bolton 5-1**
1-0 Ashley Young (4.), 2-0 Gabriel Agbonlahor (42.), 2-1 Johan Elmander (44.), 3-1 John Carew (52.), 4-1 James Milner (71.), 5-1 Carlos Cuellar (74.).
Grétar Rafn Steinsson kom inn á sem varamaður.

**Blackburn - Portsmouth 3-1**
0-1 Jamie O'Hara (15.), 1-1 Jason Roberts (52.), 2-1 Ryan Nelsen (72.), 3-1 Jason Roberts (85.).
Hermann Hreiðarsson, Portsmouth, er meiddur.

**Manchester City - Burnley 3-3**
0-1 Graham Alexander (18.), 0-2 Steven Fletcher (31.), 0-2 Steven Fletcher (31.), 1-2 Shaun Wright-Phillips (42.), 2-2 Kolo Habib Toure (54.), 3-2 Craig Bellamy (57.), 3-3 Kevin McDonald (86.).
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður í liði Burnley.

**Tottenham - Sunderland 2-0**
1-0 R. Keane (11.), 2-0 Tom Huddlestone (67.)

**Chelsea - Manchester United 1-0**
1-0 John Terry (75.).

**Hull - Stoke City 2-1**
0-1 Matthew Etherington (28.), 1-1 Seyi Olofinjana (61.), 2-1 Jan Vennegoor of Hesselink (90.).

**West Ham - Everton 1-2**
0-1 Louis Saha (26.), 0-2 Dan Gosling (63.), 1-2 Junior Stanislas (64.).

**Wigan - Fulham 1-1**
1-0 Emmerson Boyce (13.), 1-0 Emmerson Boyce (13.), 1-1 Clint Dempsey (38.)

**Wolves - Arsenal 1-4**
0-1 Ronald Zubar, sjálfsmark (28.) 0-2 Jody Craddock, sjálfsm. (34.), 0-3 Cesc Fabregas (45.), 0-4 Andrei Arshavin (65.), 1-4 Craddock (88.)

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **12** | **10** | **0** | **2** | **29-8** | **30** |
| Arsenal | 11 | 8 | 1 | 2 | 36-14 | 25 |
| **Man. United** | **12** | **8** | **1** | **3** | **23-12** | **25** |
| Tottenham | 12 | 7 | 1 | 4 | 23-17 | 22 |
| **Aston Villa** | **12** | **6** | **3** | **3** | **20-12** | **21** |
| Man. City | 11 | 5 | 5 | 1 | 21-14 | 20 |
| **Liverpool** | **11** | **6** | **0** | **5** | **25-16** | **18** |
| Sunderland | 12 | 5 | 2 | 5 | 20-19 | 17 |
| **Stoke City** | **12** | **4** | **4** | **4** | **12-15** | **16** |
| Burnley | 12 | 5 | 1 | 6 | 15-25 | 16 |
| **Fulham** | **11** | **4** | **3** | **4** | **14-14** | **15** |
| Everton | 11 | 4 | 3 | 4 | 15-17 | 15 |
| **Wigan** | **12** | **4** | **2** | **6** | **13-22** | **14** |
| Blackburn | 11 | 4 | 1 | 6 | 14-25 | 13 |
| **Birmingham** | **11** | **3** | **2** | **6** | **8-12** | **11** |
| Bolton | 11 | 3 | 2 | 6 | 15-24 | 11 |
| **Hull City** | **12** | **3** | **2** | **7** | **10-25** | **11** |
| West Ham | 12 | 2 | 4 | 6 | 16-20 | 10 |
| **Wolves** | **12** | **2** | **4** | **6** | **12-22** | **10** |
| Portsmouth | 12 | 2 | 1 | 9 | 10-18 | 7 |

### *Subway-bikarkeppni karla*

**Stjarnan - Keflavík 76-91**
**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 31, Jovan Zdravevski 20, Magnús Helgason 11, Kjartan Atli Kjartansson 5, Birgir Björn Pétursson 5, Birkir Guðlaugsson 2, Ólafur Aron Ingvason 2.
**Stig Keflavíkur**: Gunnar Einarsson 27, Rashon Clark 19, Sigurður Þorsteinsson 19, Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Jón Nordal Hafsteinsson 5, Sverrir Þór Sverrisson 3, Davíð Þór Jónsson 2.

| | |
|---|---|
| Breiðablik - FSu | 74-59 |
| Haukar - ÍR | 70-94 |
| Fjölnir - Skallagrímur b | 121-57 |
| KR b - Valur | 68-80 |
| Mostri - Hamar | 61-113 |
| Haukar - ÍR | 70-94 |
| Reynir, Sandgerði - ÍBV | 66-69 |
| Keflavík b - Hrunamenn | 66-74 |
| Hekla - KFÍ | 64-98 |
| Valur b - Tindastóll | 68-84 |

Stjarnan vann 21 stigs sigur á bikarmeisturum Stjörnunnar í Garðabænum í gær:

# Búið spil hjá bikarmeisturunum

**KÖRFUBOLTI** Ljóst er að bikarmeistarar Stjörnunnar verja ekki titil sinn en þeir lutu í lægra haldi fyrir Keflavík í Garðabænum í gær, 76-97. Gestirnir voru með tökin á leiknum frá upphafi til enda og höfðu forystuna allan tímann.

„Við vorum klárir frá fyrstu mínútu og áttum í raun aldrei slæman kafla. Við áttum harma að hefna gegn þessu liði síðan í deildarleiknum en þar spiluðum við arfaslakan leik. Þetta var sigur liðsheildarinnar, Kaninn hjá okkur fór meiddur af velli snemma en það kom ekki að sök,“ sagði Gunnar Einarsson, sem skoraði 27 stig fyrir Keflavík í leiknum.

Fannar Freyr Helgason er enn á meiðslalistanum hjá Stjörnunni og þar munar um minna. Vonast er þó til að hann verði klár í slaginn í næsta leik. Mikil ábyrgð hvílir á herðum Justins Shouse en framlagið frá öðrum leikmönnum Garðabæjarliðsins hefði mátt vera meira í gær.

„Þeir voru skrefinu á undan okkur allan leikinn,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Við vorum eins og kettlingar í okkar aðgerðum. Það var eins og menn hefðu litla trú á þessu verkefni. En við dveljum ekki lengur við þessa keppni, við verðum að halda okkar striki. Við lentum á móti miklu betra liði að þessu sinni.“

- egm



**RASHON CLARKE** Skoraði nítján stig og tók níu fráköst gegn Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Terry tryggði Chelsea væna forystu

**John Terry, fyrirliði Chelsea, tryggði sínum mönnum 1-0 sigur á Manchester United í toppslag helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea er nú með fimm stiga forystu á United og Arsenal, sem á þó leik til góða.**

**FÓTBOLTI** Chelsea vann í gær 1-0 sigur á Manchester United í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Það var fyrirliðinn John Terry sem skoraði markið með skalla á 76. mínútu eftir fyrirgjöf Frank Lampard úr aukaspyrnu.

Manchester United hafði ekki unnið Chelsea á Stamford Bridge í sjö ár og sú bið lengist nú enn. Enn fremur er forysta Chelsea á toppi deildarinnar nú fimm stig en Arsenal skaust um helgina upp í annað sæti deildarinnar með 4-1 sigri á Wolves á laugardaginn. Arsenal á þar að auki leik til góða á bæði Chelsea og United.

Leiksins í gær var beðið með mikilli eftirvæntingu. Eins og svo oft áður í slíkum stórleikjum stóð leikurinn ekki undir þeim væntingum en fá færi litu dagsins ljós.

United þótti þó heldur sterkari aðilinn í leiknum, sér í lagi í fyrri hálfleik. Wayne Rooney komst tvívegis nálægt því að skora og Darren Fletcher átti mjög fínan leik á miðjunni. United getur þó huggað sig við að liðið lék ágætlega þó svo að þeir Rio Ferdinand, Nemanja Vidic og Dimitar Berbatov hafi allir verið frá vegna meiðsla.

Jonny Evans og Wes Brown stóðu því vaktina í hjarta varnarinnar gegn hinum stórhættulegu Didier Drogba og Nicolas Anelka, sóknarmönnum Chelsea.

En eina mark leiksins kom upp úr föstu leikatriði og var Alex Ferguson, stjóri United, alls ekki sáttur að það mark fékk að standa gilt.

„Darren Fletcher vann boltann löglega. Hann kom aldrei við Ashley Cole,“ sagði Ferguson um aukaspyrnuna sem var dæmd á Fletcher og skóp mark Chelsea. „Didier Drogba togaði svo Wes Brown niður í teignum áður en markið kom. Staðsetning dómarans var líka fáránleg. Einn leikmaður Chelsea byrgði honum sýn en hann færði sig samt ekki,“ bætti Ferguson við.

„Þetta var slæm dómgæsla. En það er ekkert hægt að gera í því. Við getum sjálfum okkur um kennt. Við fengum frábær færi til að klára leikinn en kláruðum þau ekki.“

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, vildi skoða markið aftur áður en hann tjáði sig um það en fannst þó rétt að dæma aukaspyrnu. Hann var vitanlega hæstánægður með sigurinn en sagði nauðsynlegt fyrir leikmenn að halda einbeitingu sinni.

„Ég vona að leikmennirnir snúi til baka eftir landsleikjafríið í góðu ástandi og að við munum þá halda áfram okkar striki,“ sagði Ancelotti. „Við höfum aðeins spilað tólf leiki og við vitum vel að tímabilið er langt. Við þurfum að vera með hugarfarið áfram í lagi.“

Ferguson viðurkenndi að tapið í gær hefði verið þýðingarmeira en þegar United tapaði fyrir Liverpool í síðasta mánuði.

„Staðreyndin er sú að Chelsea er nú fimm stigum á undan okkur,“ sagði Ferguson. „Tapið fyrir Liverpool hafði ekki áhrif á stöðu okkar í deildinni í þeim skilningi að með sigri í dag hefðum við farið á topp deildarinnar.“

Tottenham og Aston Villa nýttu sér að Manchester City gerði jafntefli við Burnley um helgina. Tottenham vann 2-0 sigur á Sunderland og kom sér upp í fjórða sæti deildarinnar og Aston Villa fór í fimmta sætið eftir 5-1 stórsigur á Bolton. City er nú í sjötta sæti og Liverpool því sjöunda.

West Ham, Wolves og Portsmouth töpuðu öll sínum leikjum um helgina og eru í þremur neðstu sætunum. Hull kom sér hins vegar úr fallsæti með 2-1 sigri á Stoke.

Umferðinni lýkur í kvöld með viðureign Liverpool og Birmingham.

eirikur@frettabladid.is



**SIR ALEX** Afar ósáttur við störf dómarans í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**KLÁRUÐU UNITED** Frank Lampard lagði upp sigurmark John Terry í leiknum í gær. Hér fagna þeir félagarnir markinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES






Fram vann þriggja marka sigur á Haukum í gær:

# Mikilvægt hjá Fram

**HANDBOLTI** Fram fór upp í þriðja sæti N1-deildar kvenna með góðum sigri á Haukum á Ásvöllum í gær, 27-24. Leikurinn var nokkuð jafn í fyrri hálfleik en Fram var þó með tveggja marka forystu að honum loknum, 15-13.

Fram virtist ætla að tryggja sér öruggan sigur í seinni hálfleik en Haukar náðu að minnka muninn í eitt mark þegar skammt var til leiksloka. Framarar höfðu þó betur á lokasprettinum.

„Ég var orðin smá stressuð í lokin,“ sagði Stella Sigurðardóttir, Fram, sem skoraði tíu mörk í leiknum. „En við héldum haus og kláruðum leikinn. Mér fannst þetta sanngjarn sigur þó svo að við misstum aðeins dampinn í lok leiksins. Við vorum með þetta allan tímann.“

Valur og Stjarnan eru á toppi deildarinnar með tíu stig en Fram er nú með átta stig. Haukar eru með sex og hafa nú dregist nokkuð aftur úr.

„Þetta var afar mikilvægur sigur enda allir innbyrðisleikir þessara liða gríðarlega jafnir og spennandi. Þar geta allir unnið alla. Við virðumst þó vera með tak á Haukunum enda unnum við þær 2-0 í úrslitakeppninni í fyrra og svo aftur í Reykjavíkurmótinu í haust. Ég er allavega ekki hrædd við Haukana,“ sagði Sara og brosti.

Markverðir liðanna voru bestu menn vallarins í gær. Heiða Ingólfsdóttir varði alls átján skot í marki Haukanna og hélt sínum mönnum inni í leiknum lengi vel. Íris Björk Símonardóttir varði fimmtán skot fyrir Fram.

Ramune Pekarskyte og Hanna G. Stefánsdóttir voru langatkvæðamestar í sóknarleik Hauka, sem einkenndist annars af misheppnuðum sendingum og töpuðum boltum.

- esá



**TÍU MÖRK** Stella Sigurðardóttir fór fyrir sóknarleik Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ódýrt að versla!




RAUÐSPRETTA
frosin
**598** kr/kg



FRANSKAR KARTÖFLUR, 1kg
**399** kr/pk.



SUMARBLANDA, 1kg
**259** kr/pk.



HVÍTLAUKSBRAUÐ, 2 stk.
**199** kr/pk.

Á meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur



> **Nigel Lythgoe**

„Ég er oft þakklátur fyrir það hve meðvitaðir okkar þátttakendur eru um hæfileika sína. Það er skelfilegt að heyra hversu stór hluti Idol-keppenda er laglaus."

***Lythgoe er dómari danskeppninnar So You Think You Can Dance sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.55.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MAGNÚS TEITSSON DATT Í LUKKUPOTT SJÓNVARPSRÁSAFLAKKSINS

## *Gúlliver í andlegu Putalandi framtíðar*

Sælir, lesendur góðir. Mig langar til að segja ykkur frá mynd sem ég sá í sjónvarpinu á laugardagskvöldið. Þannig var mál með vexti að við konan vorum nýbúin að svæfa börnin eftir langan dag í flensu og langaði að slaka vel á fyrir framan imbann. Eins og venjulega vorum við ekkert að fletta dagskrárblöðum heldur skrolluðum vongóð á milli rása. Örlögin höguðu því þannig að við staðnæmdumst á Stöð 2 Bíó, enda var klukkan nýslegin átta, eða svo gott sem.

Þar var nýhafin bandaríska myndin Idiocracy, hugarfóstur Mike Judge sem gat sér frægð á árum áður fyrir Bakkabræðurna Beavis & Butt-head sem birtust okkur á MTV. Í myndinni lenda Meðal-Jón og Meðal-Jóna í því að vera fyrir slysni fryst í 500 ár og vakna í framtíðinni, árið 2505. Í slíkum vísindaskáldskap er venjan að mannfólkið sé orðið andleg ofurmenni og tæknin komin á himinhátt stig. Ekki í Idiocracy. Þar birtist heimur sem er afleiðing þess að blábjánar og vitleysingar hafa fjölgað sér eins og einfrumungar meðan fólk yfir meðalgreind heldur að sér höndum og genum af áhyggjum yfir hverfulleika heimsins.



Í framtíðinni kann enginn neitt. Hver fermetri er fullur af drasli, akrar eru vökvaðir með orkudrykkjum og vinsælasti sjónvarpsþátturinn heitir „Ái! Pungurinn á mér!" Göfugleiki starfsstétta hefur látið á sjá; saksóknari færir þau rök fyrir sekt söguhetjunnar Meðal-Jóns að hann „tali eins og hommi, sko" og sjúkdómsgreining læknis er á þá leið að hann sé „allur í fokki". Forseti Bandaríkjanna er síðan glímukappi sem tætir um blindfullur á stökkbreyttum mótorhjólum (sjá mynd). Allt fer þó vel að lokum, því hetjan er í krafti meðalgreindar sinnar gerð að innanríkisráðherra og fær því komið til leiðar að vatni, („eins og í klóstinu, sko") sé veitt á akrana. Skemmtileg mynd. Sama var því miður ekki hægt að segja um rómantísku gamanmyndina Made of Honor sama kvöld, sem var hvorki rómantísk né fyndin.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00** The Big Nothing — STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15** Glæpahneigð — SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Big Love — STÖÐ 2



▶ **21.45** Jamie At Home — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.05** CSI. New York — SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sammi** (47:52)

**17.37 Pálína** (9:28)

**17.42 Stjarnan hennar Láru** (4:22)

**17.55 Útsvar** (Dalvík - Garðabær) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Mennskum mönnum ofvaxið** (Beyond Human Limits) (3:3) Franskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum um þolmörk mannslíkamans. Í þessum þætti er fjallað um tímaskynið. Árið 1962 dvaldi Michel Siffre neðanjarðar í tvo mánuði án klukku. Hann komst að því að mannslíkaminn býr yfir innri klukku og í framhaldi varð til ný vísindagrein, tímalíffræði.

▶**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (59:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn V) (6:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

**22.55 Framtíðarleiftur** (2:13) (e)

**23.40 Spaugstofan** (e)

**00.05 Kastljós**

**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.45 The Big Nothing**

**08.10 Accepted**

**10.00 Ed TV**

**12.00 Confetti**

**14.00 Accepted**

**16.00 Ed TV**

**18.00 Confetti**

▶**20.00 The Big Nothing** Kennari sem orðinn er hundleiður á strögli og peningaleysi gengur því í lið með alræmdum svikahrappi og hyggst verða sér út um skjótfengið fé með fjárkúgun.

**22.00 Man in the Iron Mask**

**00.10 Murderball**

**02.00 Dead Meat**

**04.00 Man in the Iron Mask**

**06.10 An Unfinished Life**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:10)

**10.55 60 mínútur**

**11.45 Beauty and the Geek** (4:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hot Shots! Part Deux**

**14.40 ET Weekend**

**15.30 The Big Bang Theory** (15:17)

**15.55 Njósnaskólinn**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (10:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (8:25)

**19.45 Two and a Half Men** (16:24) Gamanþáttaröð um bræðuna Charlie og Alan Harper.

**20.10 Glee** (2:22)

**20.55 So You Think You Can Dance** (9:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

▶**21.40 Big Love** (9:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

**22.35 It's Always Sunny In Philadelphia** (4:15) Gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru alltof sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag. Danny DeVito leikur óþolandi föður tveggja úr hópnum.

**23.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**

**00.40 True Blood** (7:12)

**01.40 Rescue Me** (6:13)

**03.25 Big Love** (9:10)

**04.20 Hot Shots! Part Deux**

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**20.00 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto og fylgst með undirbúningnum.

**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.00 Bestu leikirnir: KR - ÍBV 29.08.99** Árið 1999 hélt KR upp á aldarafmæli félagsins og líkt og oft áður voru gerðar miklar væntingar til liðsins. KR barðist um titilinn við ÍBV en liðin mættust í 15. umferð á KR-vellinum hinn 29. ágúst. KR hafði þá tveggja stiga forystu á Eyjamenn.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Logi Geirsson** Þáttaröð þar sem skyggnst er inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar.

**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Aston Villa - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.20 PL Classic Matches** Man. United - Middlesbrough, 1996.

**19.50 Liverpool - Birmingham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.00 Premier League Review**

**22.55 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**23.25 Liverpool - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (7:13) (e)

**08.00 Dynasty** (1:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (7:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Game Tíví** (8:14) (e)

**17.10 Dynasty** (2:29)

**18.00 Survivor** (1:15) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (18:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (43:48)

**20.00 90210** (6:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Kelly og Silver fást við fréttir af veikindum móður sinnar, hvor á sinn hátt. Adrianna vill hvíld frá Navid og sýnir Teddy mikinn áhuga. Jasper bjargar Annie af slæmu stefnumóti og þau ná vel saman.

**20.55 Melrose Place** (6:13) Glænýir og spennandi þættir sem byggðir eru á samnefndum þáttum sem nutu mikilla vinsælda um víða veröld fyrir tveimur áratugum.

**21.50 Fréttir** (e)

▶**22.05 CSI: New York** (9:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Lík finnst í bíl sem verið er að farga og Lindsay segir Danny óvænt tíðindi.

**22.55 The Jay Leno Show**

**23.45 Harper's Island** (9:13) (e)

**00.35 United States of Tara** (3:12) (e)

**01.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum Íslenskt**

**20.30 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þætti um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Unnur Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Dale Carnegie, er gestur þáttarins.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





ENNEMM / SÍA / NM39420

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

| | | |
|---|---|---|
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.**
**Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Glee

Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem staðalmyndir menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Melrose Place

### SkjárEinn kl. 20.55

Í þættinum í kvöld reynir frægur tískuhönnuður að fá Riley í auglýsingaherferð en Ella er ekki sátt við það. Wendi sendir Lauren í verkefni um borð í lúxussnekkju en henni bregður þegar hún sér að David er meðal gesta um borð. Violet er með ráðabrugg til þess að koma á fundi með Michael Mancini á spítalanum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Frá Tónskáldaþinginu í París
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.45** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (8:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (9:25)
**17.30 ER** (15:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (18:24)
**18.45 Doctors** (8:25)
**19.15 Doctors** (9:25)
**19.45 ER** (15:22)
**20.30 Seinfeld** (18:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶ **21.45 Jamie At Home** (12:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
**22.15 Fangavaktin** (7:8) Það er aðfangadagur og Daníel, Georg og Ólafur þurfa að taka á honum stóra sínum til að halda uppi jólastemningunni.
**22.55 Numbers** (17:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.40 Mad Men** (4:13)
**00.30 The 4400** (13:13)
**01.15 Ástríður** (12:12)
**01.45 Auddi og Sveppi**
**02.15 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Gavin And Stacey **12.45** Absolutely Fabulous **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.20** Gavin And Stacey **15.00** The Weakest Link **15.45** After You've Gone **16.15** After You've Gone **16.45** My Hero **17.15** Lab Rats **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Innocence Project **21.55** After You've Gone **22.25** Extras **22.55** The Catherine Tate Show **23.25** The Catherine Tate Show **23.55** EastEnders

## DR 1

**12.20** OBS **12.30** Strömsö **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM - DR1 SPAMIERE **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjørn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Horisont **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** De andres liv **22.40** Seinfeld **23.00** Seinfeld **23.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ormen i Seljordsvannet **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Tingenes tilstand **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** De siste dagene **23.45** Nytt på nytt

## SVT 1

**13.20** Eldfågeln **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Kysst av spriten **20.30** Fashion **21.00** Ungdomsfängelset **21.55** Kulturnyheterna **22.10** John Adams **23.20** Dansbandskampen




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Mér finnst þetta bara vera mjög sniðugt hjá þeim, það er ekkert að þessu.“*

Elsabet H. Baldursdóttir, móðir Kristínar Gígju Sigurðardóttur sem tók þátt í kynlífstilraun útvarpsstöðvarinnar Kanans.

# Jógvan syngur lag Bubba í Eurovision

Jógvan Hansen mun syngja Eurovision-lag Óskars Páls Sveinssonar og Bubba Morthens. Færeyski söngvarinn segir þetta vera einn af hápunktum ferils síns; Bubbi hafi verið eini íslenski tónlistarmaðurinn sem hann hafi þekkt til áður en hann kom til Íslands, Færeyingar þekki til að mynda lagið Það er gott að elska ákaflega vel. Og Óskar Páll samdi lagið Hvern einasta dag en það færði Jógvan sigur í X-Factor. „Þetta er mikill heiður og framar öllum mínum vonum. Ég hefði verið heimskasti maður Íslands og jafnvel Færeyja líka ef ég hefði sagt nei við þessu tilboði,“ segir Jógvan.

Bubbi bar mikið lof á hæfileika Jógvans þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Bubbi er reyndar búinn að glíma við flensu undanfarnar tvær vikur og upplýsir, í framhjáhlaupi, að hann hafi reynt að tala sem minnst undanfarna daga. „Og eflaust eiga einhverjir eftir skella uppúr þegar þeir lesa þetta.“ En þá að Eurovision-laginu.

Bubbi segir Jógvan hafa í raun allt til brunns að bera til að geta náð langt í tónlistarbransanum. „Jógvan er fyrst og fremst afbragðs söngvari, hann hefur sterka sviðsnánd og kemur vel fyrir í alla staði. Hans rödd mun henta mjög vel því sem við erum að pæla í að gera og útlitið skemmir ekki fyrir.“

Bubbi hefur alla tíð verið mikill talsmaður þess að syngja á íslensku en enskan hefur smám saman verið að taka yfir í hinni íslensku forkeppni. Bubbi segir að það muni ráðast með teningakasti hvort verði ofaná, íslenskan eða enskan. „Og svo verður sá sem tapar bara að bíta í það súra epli að lenda undir.“

- fgg



**JÓGVAN** Mikill heiður að syngja lag Bubba og Óskars Páls.



**BUBBI** Finnst Jógvan afbragðs söngvari.



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** kúgun, **8.** þessi, **9.** þunnur vökvi, **11.** til dæmis, **12.** frumefni, **14.** mælieining, **16.** persónufornafn, **17.** orlof, **18.** ennþá, **20.** óhreinindi, **21.** heimili.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** skammstöfun, **4.** víbrator, **5.** mein, **7.** hænsnfugl, **10.** blása, **13.** heyskaparamboð, **15.** kennslustund, **16.** þögn, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** setu, **6.** ok, **8.** hin, **9.** lap, **11.** td, **12.** flúor, **14.** karat, **16.** þú, **17.** frí, **18.** enn, **20.** im, **21.** inni.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** eh, **4.** titrari, **5.** und, **7.** kalkúnn, **10.** púa, **13.** orf, **15.** tími, **16.** þel, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Til Los Angeles í Bandaríkjunum.
2. Berlínarmúrinn féll í Þýskalandi.
3. Hjartsláttur.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## MEÐ HJARTSLÁTT

**Hjálmar Jónsson** dómkirkjuprestur og **Ragnheiður Gestsdóttir** rithöfundur gefa bæði tvö út bækur sem bera nafnið Hjartsláttur. Þau eru sammála um að markhópar þeirra gætu haft gaman af hinni bókinni líka enda sé hjartsláttur sammannlegur.

RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR: HJARTSLÁTTURINN SAMMANNLEGUR

# TVÆR BÆKUR HEITA HJARTSLÁTTUR

Tvær bækur sem koma út fyrir þessi jól bera sama nafnið, Hjartsláttur. Annars vegar er um að ræða ævisögu Hjálmars Jónssonar dómkirkjuprests og hins vegar unglingabók Ragnheiðar Gestsdóttur. Báðir rithöfundarnir eru sammála um að þetta gæti kannski leitt til skemmtilegs misskilnings, gæti svo farið að óharðnaður unglingur fengi bók um miðaldra prest og einhver af eldri kynslóðinni sögu af ást á örlagatímum.

„Svo segja menn að það sé ekki samkeppni á milli forlaga, þetta er bara skýrasta dæmið um að það er bullandi samkeppni á þessum markaði,“ segir Hjálmar og rifjar upp nokkuð skondna sögu í þessu samhengi. „Þannig var að þegar ég var að fermast þá hét fermingakverið Vegurinn. Eitt fermingasystkinanna fór og keypti það en fannst það heldur dýrt. Enda hafði það keypt reyfara sem hét Gatan.“ Hjálmar leyfir sér þó ekki að efast um að unglingar geti haft gaman af bókinni sinni. „Ég fer reyndar ekkert yfir unglingaástina en bernskan er þarna, þetta er ekki bara bók um gamlan klerk.“ Hjálmar segir sinn hjartslátt dreginn af því að slíkur sláttur hafi fylgt honum alla tíð. „Ég var mjög feiminn sem barn, stamaði og var óframfærinn og því fór hjartað að slá ögn örar þegar maður var kallaður upp í tímum,“ útskýrir Hjálmar og svo sé það hin ástæðan: „Svo var ég tekinn í hjartaaðgerð fyrir nákvæmlega fimm árum, samdi reyndar ljóð sem hét hjartalag og var að íhuga að kalla bókina það,“ en hjartsláttur varð ofan á.

Ragnheiður segist hafa fengið nokkrar ábendingar um þessa skemmtilegu tilviljun. „Já, þetta er mjög skrýtið og nei, það er ekkert sjálfsævisögulegt í minni bók. Sagan er bæði gömul og ný, þetta er um unga elskendur sem eiga ekki að fá að njótast,“ útskýrir Ragnheiður. Hennar hjartsláttur vísar að sjálfsögðu til ástarinnar en einnig búsáhaldabyltingarinnar sem er umhverfi sögunnar. „Sá taktur sem þar var sleginn var hjartsláttur þjóðarinnar og þeirrar frelsisþrár sem þarna kviknaði,“ útskýrir Ragnheiður og bætir því við að það sé kannski ekkert óeðlilegt að tvær bækur með þessu heiti skuli koma út. „Við erum öll manneskjur og þetta sameinar okkur öll, hjartslátturinn.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Gunnar Björn Guðmundsson**, leikstjóri Áramótaskaupsins, ætlar augljóslega að láta Skaupið koma á óvart. Því hann er nánast ófáanlegur til að gefa upp eitt eða neitt í kringum framgang þess. Yfirleitt hefur því verið lekið í fjölmiðla hverjir leika í Skaupinu en leikstjórinn liggur á þeim lista eins og ormur á gulli.



Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að **Ladda** muni bregða fyrir í Áramótaskaupinu. Gunnar Björn hefur vafalítið ekki þurft að hafa mikið fyrir því enda var hann aðstoðarleikstjóri í kvikmyndinni Jóhannes sem Laddi leikur einmitt aðalhlutverkið í. Þá mun Gunnar Hansson einnig leika í Skaupinu sem og Víkingur Kristjánsson og Tinna Lind Gunnarsdóttir. Þá mun Margrét Ákadóttir einnig bregða á leik í Áramótaskaupinu en áður hefur verið greint frá því að Árni Pjetur Guðjónsson verði meðal leikara.



Og síðasti þáttur Fangavaktarinnar, með **Ólaf Ragnar** fremstan í flokki, fór í loftið í gær. Ekki gekk víst snurðulaust að koma honum á þartilgerðar spólur og sátu tæknimenn og leikstjórinn Ragnar Bragason langt fram undir laugardagskvöld við að redda málunum. Ragnar hyggst nú bregða sér í langþráð sumarfrí, ætlar að liggja með tærnar uppí loftið næstu þrjá mánuði og njóta vaktarlausra daga. Aðdáendur þáttanna geta þó huggað sig við það að á sunnudaginn eftir viku verður sýnd klukkustundarlöng heimildarmynd um gerð þessara þriggja þáttaraða.



- fgg

# Íslensk stuttmynd á kvikmyndahátíð í Íran

Stuttmyndin Eyja eftir Dögg Mósesdóttur er ein þeirra mynda sem verða sýndar á íranskri kvikmyndahátíð. Hátíðin, sem ber heitið Parvin Etesami Film Festival, er nefnd eftir írönsku ljóðskáldi og er hún tileinkuð kvikmyndum í leikstjórn kvenna. „Aðstandandi hátíðarinnar hafði samband við mig í gegnum Fésbókina og bað mig um að taka þátt. Ég sendi inn stuttmynd sem heitir Eyja og er byggð á sannsögulegum atburðum sem áttu sér stað í heimabæ mínum, Grundarfirði. Myndin fjallar um ungu stúlku sem verður vitni að sjóslysi og voru slík slys nokkuð tíð í gamla daga. Sjómennirnir drukknuðu allir því þeir voru allir ósyndir alveg eins og fólkið í fjörunni sem gat ekkert gert nema horfa á,“ útskýrir Dögg. Myndin þykir svolítið tilraunakennd og stutt, en hún er aðeins um tíu mínútna löng. „Ég kláraði myndina árið 2007 minnir mig og hún er búin að vera á flakki á milli kvikmyndahátíða síðastliðið ár og hlaut meðal annars verðlaun fyrir bestu leikstjórn og bestu tónlistina á Sitges International Film Festival á Spáni.“

Undanfarin tvö ár hefur Dögg staðið fyrir kvikmyndahátíðinni Northern Wave Film Festival sem fram fer í Grundarfirði. Þriðja hátíðin verður haldin í byrjun mars á næsta ári og er undirbúningur fyrir hátíðina þegar hafinn. „Grundfirðingar eru mjög stoltir af þessari hátíð og núna í ár ætlum við að reyna að fá fleira að fólki frá nesinu öllu til að taka þátt í þessu með okkur. Erlendis virðist hátíðin hafa spurst út meðal kvikmyndagerðarfólks og við höfum fengið mikið af fyrirspurnum um hvenær hátíðin byrji að taka við myndum,“ segir Dögg að lokum. Skilafrestur á myndum er til 1. desember. Upplýsingar má finna á www.northernwavefestival.com.

- sm



**DÖGG MÓSESDÓTTIR**



**DÓMNEFNDIN** Dögg Mósesdóttir stendur lengst til vinstri, næst Bertrand Mandico, Kristín Jóhannsdóttir og Hilmar Örn Hilmarsson. Þau skipuðu dómnefndina í fyrra.


Söngvaseiður
Karl Ágúst Úlfsson
Sigurður Sigurjónsson
GÓÐIR ÍSLENDINGAR
Jesús litli
DJÚPIÐ
FJÖLSKYL
FURÐ
Ekki missa af frábærum sýningum!
Tryggðu þér miða strax á tvær rómaðar íslenskar leiksýningar
Djúpið
„...feikilega vel flutt og áhrifamikið“
PBB, Fréttablaðið
Fös 13/11 kl. 20 Örfá sæti
Lau 14/11 kl. 20 Ný aukasýning
Sun 15/11 kl. 20 UPPSELT
Þri 24/11 kl. 20 UPPSELT
Mið 25/11 kl. 19 Örfá sæti
Mið 25/11 kl. 21 Örfá sæti
★★★★★
JVJ, DV
★★★★★
PBB, Fréttablaðið
Jesús litli
Þau eru mætt aftur og svífast einskis.
Forsala hefst í dag kl 10
Lau 21/11 kl. 20 Frumsýning
Lau 28/11 kl. 20
Sun 29/11 kl. 16
Sun 29/11 kl. 20
Lau 5/12 kl. 16
Lau 5/12 kl. 20
Sun 6/12 kl. 20
Mið 9/12 kl. 20
Fim 10/12 kl. 20
Fim 11/12 kl. 29
Fim 17/12 kl. 20
Lau 19/12 kl. 21
SNARPUR SÝNINGARTÍMI
Miðasala:
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hús heilbrigðisráðherra í sjónvarpi



Gamanþáttaröðin Marteinn í leikstjórn Bjarna Hauks Þórssonar hóf göngu sína á föstudaginn og voru viðtökurnar með ágætum. Þótt þættirnir séu að mestu teknir upp í myndveri brá fyrir myndum af nokkrum fallegum húsum í Reykjavík sem áttu að sýna hvar atburðirnir færu fram. Framhliðin á húsi unga parsins í þáttunum er þannig í raun hús heilbrigðisráðherrans **Álfheiðar Ingadóttur** á Fjólugötu.

### Vekur athygli í Bretlandi

Bók **Ármanns Þorvaldssonar**, Ævintýraeyjan, er farin að vekja athygli í Bretlandi en þar var hún gefin út undir nafninu Frozen Assets. Ármann var í föstudagsviðtali breska blaðsins Guardian og upplýsir þar að hann sé að setja á fót ráðgjafarfyrirtæki ásamt félaga sínum Örvari Kjærnested sem áður var á mála hjá FL Group. Ármann rifjar í viðtalinu upp að í fyrsta skipti sem hann hafi mætt til vinnu keyrði hann á Lödu. Farþegahurðin í þeirri bifreið var víst bundin aftur til að hún fyki ekki af.



### Breyttir tímar

Eftir að Ármann hóf störf sem forstjóri Kaupþings í Bretlandi voru Lödutímarnir að baki og hann rifjar í viðtalinu upp skemmtileg atvik sem einnig má finna í bókinni. Þannig hafi hann ráðið þjón á St. Tropez til að klæða sig upp sem Köngulóarmaðurinn en hann átti að sprauta 30 lítrum af kampavíni yfir rússneska milljarðamæringa. Svo hafi hann setið til borðs með Sting og fyrirsætunni Elle McPherson og þegar hann fór að pissa voru þeir **Hugh Grant** og Rod Stewart sitthvoru megin við hann. - fgg



## Mest lesið visir.is

1. Seld strax eftir fæðingu
2. CCP var þvingað í krónulán
3. KSÍ rukkað fyrir kampavín og klám
4. Rukkar 20 þúsund fyrir samfarir
5. Vilja að stjórn KSÍ segi af sér


Útsölulok í Líflandi
20 til 80% afsláttur
Öll okkar bestu vörumerki

LÍFLAND
www.lifland.is
Lónsbakka Akureyri • Lynghálsi 3

Rödd skynseminnar
Samkeppni er ekki keppnisgrein á Landsmóti UMFÍ

Evrópa frá:
14.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Bandaríkin frá:
24.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Allt frá byrjun hefur **Iceland Express** veitt **stöðuga samkeppni** og haldið öðrum á markaðnum við efnið. Við sýnum **aðhald í rekstri** en gætum þess alltaf að halda þjónustustiginu háu.

Þetta er ekkert ofboðslega flókið: Við hjá Iceland Express bjóðum **öllum viðskiptavinum okkar**, hér á landi sem annars staðar, **samkeppnishæft verð** og **góða þjónustu**.

**Bókaðu flug til Evrópu eða Bandaríkjanna á www.icelandexpress.is**

Iceland Express
með ánægju




www.icelandexpress.is